kjarninn

33. útgáfa – 3. apríl 2014 – vika 14



SJÁUMST!

+ Erlendir hluthafar iðnfyrirtækja vilja flytja þau úr landi

+ Þrír aðalfundir í mars breyttu stöðunni til hins verra

+ Valdamenn sagðir vilja sitt fólk að kjötkötlunum

33. ÚTGÁFA
Efnisyfirlit
3. apríl 2014 – vika 14



SJÁVARÚTVEGUR

Útgerðarfyrirtækið Vísir lokar fiskvinnslum á landsbyggðinni í kjölfar hæstaréttardóms



STJÓRNMÁL

Guðni Th. segir þjóðina líklega hafa verið sjálfstæðasta fyrir stríð



VIÐTAL

Robert Wong hannar tækni framtíðarinnar

Helstu afleikir vinstristjórnarinnar

Stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna gerði margar af mestu skyssum stjórnvalda í sögunni.

Esjan gott æfingasvæði göngufólks

Páll Ásgeir Ásgeirsson undirbýr göngufólk fyrir Hnúkinn með æfingaferðum á Esjuna.

Sefur lengur og les blöðin upp í rúmi

Marta María Jónasdóttir, blaðakona á mbl.is, svarar sjö spurningum.

Áratuga þref um hvalveiðar

Árni Finnsson veltir fyrir sér hagsmunamatinu að baki hvalveiðum Íslendinga.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



Smelltu hér og kynntu þér málið — www.siminn.is

Fjölskyldukort
Viðskiptavinir með **Endalaust Snjall 500 MB, 1 GB eða 3 GB,** geta bætt við aukakortum fyrir fjölskylduna þar sem fjölskyldan deilir gagnamagni.

Fjölskyldukort með endalausu tali og SMS á aðeins **2.990 kr. á mánuði.**


Gagnakort í spjaldtölvu **490 kr. á mánuði.**

Þrjár í boði:

ENDALAUST TAL OG SMS	ENDALAUST TAL OG SMS	ENDALAUST TAL OG SMS
5.990 kr.	6.990 kr.	8.990 kr.
500 MB	1 GB	3 GB

Fjölskyldukort á 2.290 kr.

ENNEMM / SÍA / NM61957



LEIÐARI
Þórður Snær Júlíusson

Samfélag án stéttabaráttu

Þórður Snær Júlíusson skrifar um ástæður þess að stjórnarandstaðan hagnast lítið á vanda ríkisstjórnarinnar.

Nú eru framhaldsskólakennarar í verkfalli, háskólakennarar á leið í verkfall og grunnskólakennarar hóta verkfalli. Starfsmenn Herjólfs voru í verkfalli þar til að ráðherra setti lög á þá og starfsmenn flugvalla ætla líka í verkfall og riðla um leið túristatímabilinu á Íslandi. Einkaaðilar eru farnir að rukka Íslendinga fyrir að skoða þjóðargersemar sem eru á landi í eigu ríkisins, án þess að ríkið geri nokkuð í því, og útgerð hefur ákveðið að stórskaða, eða drepa, atvinnulífið í þremur byggðarlögum og færa vinnslu úr þeim til heimahaganna í Grindavík.

Sitjandi ríkisstjórn er nýbúin að tilkynna um millifærslu á allt að 80 milljörðum króna úr ríkissjóði til þess hluta þjóðarinnar sem hafði ákveðna tegund af láni á tveggja ára tímabili. Hún hefur boðað nýja Evrópustefnu og ætlar í nánara samstarf við aðra nágranna okkar, en stendur reyndar í stórkostlegum milliríkjadeilum við þessa nýju bandamenn

sína. Ríkisstjórnin hefur opinberað þá afstöðu sína að hún ætli sér að standa fast á bak við rétt útgerðarfyrirtækja landsins til að halda sem mestu eftir af 80 milljarða króna árlegum rekstrarhagnaði sínum í stað þess að hirða af honum sanngjarnt gjald fyrir nýtingu á þjóðarauðlind. Hún ætlar sér að verja rétt íslensks landbúnaðar til að vera tollavarinn fyrir allri samkeppni og niðurgreiddur af skattfé á kostnað neytenda. Leiðtogi hennar sér meira að segja bisnesstækifæri fyrir Ísland í því að heimurinn sé að eyða sjálfum sér með útblæstri og ógeðsmengun.

Úr samfestingi í jakkaföt

Þótt stuðningur við ríkisstjórnina hafi eðlilega minnkað, aðallega vegna klofnings innan Sjálfstæðisflokks og vegna þess að ætluð áhrif snákaolíu Framsóknarflokksins voru ekki sú víma sem kjósendum hans var lofað, virðast kjósendur ekki fylkja sér að baki stjórnarandstöðunnar. Þeir flokkar sem hana skipa hafa ekki náð að nýta sér þetta dæmalausa ástand til að styrkja stöðu sína. Þetta á sérstaklega við um Samfylkinguna.

Hún var stofnuð utan um þriðju leiðar-hugmynd um stjórnmálaflokk sem lægi einhvers staðar á milli sósíalisma og kapítalisma. Forverar flokksins, sérstaklega Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag, voru með mjög náin tengsl við verkalýðsfélög. Alþýðuflokkurinn var raunar stofnaður í þeim yfirlýsta tilgangi að vera stjórnmálaafl verkalýðsfélaganna í landinu fyrir 98 árum. Þessi tengsl þynntust viljandi út þegar Samfylkingin varð til. Þá fór flokkurinn úr samfestingnum og í jakkafötin. Hinn nýi flokkur átti að verða hægri krataflokkur með meiri áherslur á frjálslyndi, markaðslausnir og alþjóðasamvinnu með nánari tengsl við atvinnulífið. Þessi markmið fundu sér öll heimahöfn í því sem verður að teljast helsta stefnumál flokksins frá stofnun, að koma Íslandi í Evrópusambandið.

Samfylkingin átti að verða „hinn turninn“ í íslenskum stjórnmálum. Kjölfestumótvægi við Sjálfstæðisflokkinn. Það hefur hins vegar aldrei tekist. Flokknum hefur aldrei tekist

að fá meira en 31 prósent atkvæða og í síðustu kosningum fékk hann 12,9 prósenta fylgi. Hann mælist nú vanalega í kringum 15 prósentin.

Nýjar víglínur

Ástæður þessa eru nokkrar en liggja fyrst og fremst í því að flokkurinn hefur reynt að fjarlægjast fortíðarsamlegð sína með verkalýðnum og eigna sér frjálslynt hægra-megin-við-miðju jafnaðarmannafylgi með meira daðri við atvinnulífið.

„Hún er dálítið eins og sjómaðurinn sem fór að vinna í banka en áttar sig síðan á því að hann er ekkert að fara að ná neinum framgangi á nýja vinnustaðnum. Samt er hann of stoltur til að fara aftur á sjóinn.“

Fyrra markmiðið, að kljúfa sig frá verkalýðshreyfingunum, hefur greinilega gengið prýðilega. Það fær það að minnsta kosti enginn á tilfinninguna þegar fylgst er með þingmönnum Samfylkingarinnar að störfum að hún sé flokkur kennara, opinberra starfsmanna eða bæjarfélaga sem eru að missa lífsviðurværi sitt. Það eru ekki mikil læti yfir því að framkvæmdavaldið sé að beita lagasetningarvaldi til að enda verkföll til að þau hafi ekki áhrif á framtíðartekjur ríkissjóðs af ferðamönnum þetta árið. Samfylkingin er ekki að stilla sér skýrt upp með verkfallshópunum og kröfum þeirra, og raunar enginn stjórnmálaflokkur. Fyrir vikið nýtur stjórnarandstaðan ekki aukins fylgis vegna þess hörmungarástands sem ríkir.

Tími stjórnmálalegra átaka á grunni stéttabaráttu virðist vera liðinn. Víglínurnar hafa verið dregnar annars staðar. Á milli óskilgreinda „heimila landsins“ og fjármagnseigenda, á milli aðildarsinna og andstæðinga Evrópusambandsins, á milli landsbyggðar og þéttbýlis. Og svo framvegis.

Tilvistarkreppa jafnaðarmanna

Hitt markmiðið, að hirða hægra jafnaðarmannafylgið eins og það leggur sig, virðist hafa mistekist herfilega. Þrátt fyrir að hinn ætlaði turninn, Sjálfstæðisflokkurinn, hafi misst mikið af sínu jafnaðarmannafylgi frá sér hefur það skilað

KAUPHLAUP

3. – 7. APRÍL



NÝJAR VÖRUR
Á TILBOÐI

KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN
Í KAUPHLAUPSBLAÐINU
Á SMARALIND.IS

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

sér illa til Samfylkingarinnar. Þvert á móti hefur vaxið upp flokkur á því svæði, Björt framtíð, sem mælist nánast jafn stór og gamli jafnaðarmannaflokkurinn án þess að vera með vel skilgreinda stefnu í neinu nema Evrópusambandsmálum, áherslu á samvinnu og beitingu skynsemi.

Í gær var síðan tilkynnt að tæplega 40 prósent aðspurðra í nýrri könnun gætu hugsað sér að kjósa klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum með áherslu á aðild að Evrópusambandinu. Bæði sá flokkur og Björt framtíð fiska á sömu miðum og Samfylkingin. Og virðast fiska mjög vel.

„Leiðtogi hennar sér meira að segja bisnesstækifæri fyrir Ísland í því að heimurinn sé að eyða sjálfum sér með útblæstri og ógeðsmengun.“

Samfylkingin er því í mikilli tilvistarkreppu sem forvígismenn hennar virðast annaðhvort ekki gera sér grein fyrir eða neita að viðurkenna. Hún er dálítið eins og sjómaðurinn sem fór að vinna í banka en áttar sig síðan á því að hann er ekkert að fara að ná neinum framgangi á nýja vinnustaðnum. Samt er hann of stoltur til að fara aftur á sjóinn.

Þörf á tiltekt

Á þeim haftatímum sem við lifum, þar sem tækifæri þeirra sem eiga til að stækka sjóði sína og auka völd margfaldast á kostnað hinna sem þiggja bara laun, hljóta að liggja tækifæri fyrir stjórnmálaöfl í stéttabaráttu. Bilið eykst nefnilega stöðugt.

Í lok árs 2011 áttu þau 20 prósent sem þénuðu hæstu launin hérlendis tæplega 40 prósent allra eigna. Efstu fimm prósentin áttu rúmlega fimmtung allra innistæðna í innlendum bönkum og 64,5 prósent allra innstæðna sem íslenskir aðilar áttu í erlendum fjármálastofnunum. Eitthvað segir manni að þessi skil hafi einvörðungu skerpst á undanförnum árum með þeim bóluvísum sem hlaðist hafa upp á íslenskum fjárfestingamarkaði með hjálp galinna hjálpartækja á borð við fjárfestingaleið Seðlabankans, sem veitir Íslendingum sem eiga peninga erlendis hátt í fimmtungsafslátt á öllum eignum innan íslenskra haftamúra.

Ein helsta ástæða þess að Íslendingar hafa misst trú á

stjórnmálakerfinu sem heild er að skilin á milli þess sem flokkarnir standa fyrir í grunninn eru ekki nógu skýr. Sérhagsmunagæslan sem stjórnarflokkarnir stunda fer vissulega ekki framhjá neinum en stjórnarandstöðunni tekst ekki að skilgreina sig sem nógu skýran valkost til að kjósendur taki hann raunverulega alvarlega. Þess vegna skila eilíf og sjálfsköpuð vandræði stjórnarflokkanna þeim ekki þeim meðbyr sem þau ættu að gera undir eðlilegum kringumstæðum. Áður en flokkar ætla sér að taka til hjá heilli þjóð verða þeir að taka til heima hjá sér. Vöntun er á slíku hjá stjórnarandstöðunni í dag.



GERÐU ÞAÐ SEM ÞÚ GERIR VANALEGA SÍMINN ÞINN SAFNAR PENINGUM Á MEÐAN

GOMOBILE ER NÝTT INNEIGNARKERFI SEM VEITIR ÖLLUM KREDITKORTHÖFUM AFSLÁTT Á ÓTRÚLEGUSTU STÖÐUM.

AFSLÁTTURINN VERÐUR AÐ INNEIGN SEM ALLIR GETA NÝTT TIL AÐ VERSLA SKEMMTILEGA HLUTI Í GOMOBILE APPINU.

VIÐSKIPTAVINIR SÍMANS GETA JAFNFRAMT NÝTT INNEIGNINA TIL AÐ GREIÐA INNÁ SÍMREIKNINGINN, SPOTIFY ÁSKRIFTINA EÐA SJÓNVARP SÍMANS.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á **GOMOBILE.IS**

Síminn

GOmobile

Varnarbarátta Vísis

Erfiður rekstur er undirliggjandi ástæða þess að Vísir dregur saman seglin. Félagið tapaði mikilvægu dómsmáli um gengistryggingu 6. mars í Hæstarétti.



SJÁVARÚTVEGUR
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Útgerðarfyrirtækið Vísir hf. í Grindavík tilkynnti 28. mars síðastliðinn að félagið hygðist hætta með fiskvinnslu á Húsavík, Þingeyri og Djúpavogi og flytja alla starfsemi sína á einn stað í heimabænum Grindavík. Ákvörðunin féll í grýttan jarðveg á öllum stöðunum þremur, en um 50 starfsmenn störfuðu á hverjum stað og vinnustaðirnir voru mikilvægir fyrir sveitarfélögin.

Í tilkynningu frá framkvæmdastjóra Vísis hf., Pétri Hafsteini Pálssyni, vegna aðgerðanna er tekið fram að gripið sé til þessara aðgerða til þess að bregðast við breyttum aðstæðum í rekstrarumhverfi fyrirtækisins.

„Afurðaverð hefur lækkað um 20 prósent og síauknar kröfur eru gerðar um ferskan fisk, sveigjanleika í framleiðslunni og skjóta afgreiðslu pantana.“

„Miklar breytingar hafa orðið á mörkuðum erlendis fyrir íslenskan fisk. Afurðaverð hefur lækkað um 20% og síauknar kröfur eru gerðar um ferskan fisk, sveigjaleika í framleiðslunni og skjóta afgreiðslu pantana. Til að mæta þessum breytingum vinnur Vísir hf. nú að nýju skipulagi sem miðar að því að viðhalda óbreyttum fjölda starfsmanna en bæta framlegð fyrirtækisins sem lækkaði um 50% milli áranna 2012 og 2013. Hjá Vísi starfa um 200 manns við fiskvinnslu og 100 á skipum fyrirtækisins,“ segir í tilkynningu frá Pétri.

Ekki bara markaðsaðstæður

Þrátt fyrir að það sé uppgefin ástæða breytinganna hjá Vísi að það þurfi að draga saman seglin til þess að mæta breyttum aðstæðum, ekki síst á alþjóðamörkuðum, spila fleiri ástæður inn í. Skuldastaða Vísis hf. samstæðunnar er alvarleg sé horft til síðasta birta ársreiknings fyrirtækisins, fyrir árið 2012, og ljóst að fyrirtækið er í varnarbaráttu. Í lok þess árs var eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 12,77 prósent, eða sem nemur 14,5 milljónum evra. Það eru um 2,2 milljarðar króna miðað við skráð gengi evru gagnart krónu hjá Seðlabanka Íslands.

Undirliggjandi rekstur fyrirtækisins var jákvæður á árinu

STOÐUNUM KIPPT UNDAN ATVINNULÍFINU Á STÖÐUNUM ÞREMUR

Sú aðgerð Vísis að færa starfsemina alla á einn stað í Grindavík hefur mætt mikill andstöðu á Þingeyri, Djúpavogi og Húsavík, sem von er. Stéttarfélög hafa harðlega mótmælt aðgerðunum og hafa sérstaklega kvartað yfir því að fyrirvarinn sé stuttur. Þetta kippi einfaldlega of hratt stoðunum undan atvinnulífi á svæðum þar sem það var ekki burðugt fyrir. Á Húsavík verður allri starfsemi hætt 1. maí en Vísir hefur boðið starfsfólki vinnu í Grindavík og aðstoð við flutninga á staðinn ef fólk kýs að halda áfram vinnu hjá fyrirtækinu. Ekki er mikill áhugi hjá starfsfólki á þessum stöðum á því að flytja sig um set til Grindavíkur og því hafa heimamenn og sveitarstjórnarmenn á stöðunum leitað leiða undanfarna daga til þess að viðhalda starfseminni með einhverjum hætti, til dæmis með aðkomu annarra útgerðarfyrirtækja. Ekkert er þó í hendi enn sem komið er.

2012 og var rekstrarhagnaðurinn 10,3 milljónir evra, ríflega 1,5 milljarðar króna, en rekstrartekjur námu 55,7 milljónum evra, um 8,6 milljörðum króna. Hagnaður á árinu 2012, að teknu tilliti til allra þátta, nam tæplega 4,4 milljónum evra eða sem nemur um 680 milljónum króna. Langtímaskuldir í lok árs 2012 námu 105,5 milljónum evra, eða sem nemur 16,3 milljörðum króna. Samkvæmt ársreikningi er 80 prósent af þeirri upphæð á gjalddaga síðar en árið 2017. Langstærsti hluta þeirra skulda er í öðrum myntum en íslensku krónunni.

Þrátt fyrir að eigið fé félagsins sé neikvætt um 12,7 prósent telja stjórnendur félagsins það vera rekstrarhæft þar sem félagið sé með traustan rekstur sem standi undir skuldunum, að því er segir í skýringum ársreikningsins.

Dæmt gegn Vísi

Vísir hefur undanfarin ár deilt við Landsbankann um lögmæti gengistryggðra lána bankans til félagsins, það er hvort þau séu í krónum eða erlendum myntum. Miklir hagsmunir voru í húfi fyrir félagið enda skuldabyrðin þung, eins og áður segir, og ef lánin hefðu verið dæmd ólögmæt gengistryggð lán í krónum hefði það getað haft mikil jákvæð áhrif fyrir rekstur félagsins. Um tvo lánasamninga var að ræða, annars vegar frá árinu 2004 og hins vegar frá árinu 2007. Lánið árið 2004 var upp á fjóra milljarða króna til fimmtán ára var bundið gengi við myntkörfu evru, punds,

Eignarhald á Vísi hf.

Fjölskyldufyrirtæki með langa sögu

Eigendur Vísis hf. eru, samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2012:

- Páll H. Pálsson 13,6%
- Margrét Sighvatsdóttir 13,6%
- Pétur Hafsteinn Pálsson 13,6%
- Kristín Elísabet Pálsdóttir 13,6%
- Margrét Pálsdóttir 13,6%
- Svanhvít Daðey Pálsdóttir 13,6%
- Sólný Ingibjörg Pálsdóttir 13,6%
- Páll J. Pálsson 4,8%

Páll, hinn síðastnefndi, situr á þingi fyrir Framsóknarflokkinn.

jens, franka og Bandaríkjadals. Samningurinn frá árinu 2007 var upp á 650 milljónir króna en bundið við gengi evru. Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. júní í fyrra þess efnis að lánasamningarnir væru lögleg gengisbundin lán og því ekki hægt að lækka lánin á grundvelli þess að þau væru ólögleg gengistryggð lán í krónum, eins og fjölmörg dæmi eru um. Dómur Hæstaréttar féll 6. mars síðastliðinn, um tveimur vikum áður en tilkynnt var um aðgerðirnar umdeildu. Vísi var gert að greiða Landsbankann 800 þúsund krónur í málskostnað.





Withings blóðþrýstingsmælir
- Nákvæm og einföld mæling
- Sendir beint í símann

26.950 kr.

HLUSTAÐU

Eirberg



Allar vörur frá Withings tengjast þráðlaust við snjallsíma með heilsu-appinu Health Mate. Fáðu betri yfirsýn yfir heilsuþætti og bættu árangur.

Withings Pulse
- Hreyfi- svefn- og púlsmælir
- Aðeins 8 gr.

24.750 kr.



Á LÍKAMANN

Withings snjallvog
- Mælir þyngd, fitu, púls og loftgæði

36.750 kr.



Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg.is

Barist um bestu bitana

Stærstu iðnfyrirtæki landsins eru á barmi þess að fara með höfuðstöðvar sínar úr landi. Kjarninn birtir berorð samskipti valdamanna um framtíðarskipan fjármálakerfisins.



VIÐSKIPTI
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Mikil barátta hefur átt sér stað bak við tjöldin undanfarin misseri í viðskiptalífinu og stjórnmálunum vegna þeirrar stöðu sem fjármagnshöftin, þrotabú föllnu bankanna og ákvörðun stjórnvalda um að draga formlega til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu hefur framkallað. Að hluta snýr hún að vaxandi þrýstingi frá erlendum fjárfestum sem eru í hluthafahópi margra af helstu útflutningsfyrirtækjum Íslands í iðnaði, meðal annars Össurs, Marels og CCP. Þeir spyrja einfaldlega; af hverju eigum við að vera með fyrirtækin hér? Hvað græðum við á því? Til þessa hafa íslensk stjórnendateymi og sérfræðiþekking í rannsóknum og þróun verið helsta hindrun þess að fyrirtækin hafi farið formlega úr landi, með tilheyrandi skatttekjumissi fyrir þjóðarbúið og minni ávöxtunarmöguleikum á fjármálamarkaði. Fyrirtækin verða ekki fjarlægð úr landi eins og hendi sé veifað, það er öll starfsemin, en stór skref til viðbótar við þau sem þegar hafa verið stigin verða upphafið að endalokum þess að flaggskip íslensks hugverkaiðnaðar verði hér með rætur til framtíðar litið.

„Þeir spyrja einfaldlega; af hverju eigum við að vera með fyrirtækin hér?“

Stefnubreyting á aðalfundum í mars

Á aðalfundi Össurar á þessu ári, sem fór fram 14. mars síðastliðinn, var Niels Jacobsen, stjórnarformaður félagsins, verulega áhyggjufullur yfir stöðu mála hér á landi, þá einkum peningamálunum og fjármagnshöftunum. Þá gagnrýndi hann íslensk stjórnvöld harðlega fyrir að vilja draga aðildarumsóknina að Evrópusambandinu til baka og sagði augljóslega ekki hægt að reka alþjóðlegt fyrirtæki á stað þar sem „gjaldmiðillinn væri varla til“. Í einkasamtölunum við þá sem sátu fundinn og eru í hlutahafahópi Össurar var Jacobsen enn ákveðnari og lét í það skína að úrslitaákvarðanir um framhald fyrirtækisins hér á landi væru handan við hornið. Staðan væri óviðunandi og fyrir hluthafana gæti hún ekki verið til lengdar. Svipaðar raddir mátti heyra á aðalfundi Marels 5. mars síðastliðinn, ekki síst frá fulltrúum erlendra hluthafa, sem töluðu skýrt um það að rekstrarumhverfi

félagsins á Íslandi væri óviðunandi og til trafala fyrir fyrirtækið, þar sem samkeppni eykst dag frá degi á öllum helstu mörkuðum, í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

Á aðalfundi CCP 27. mars síðastliðinn var það sama uppi á teningnum hvað erlenda hluthafa varðar og raunar þá íslensku sömuleiðis. Mikið var rætt um hvernig fyrirtækið gæti haldið samkeppnishæfni gagnvart öðrum fyrirtækjum í tölvuleikjaiðnaði og hvort það væri verjandi að láta „hjartað í fyrirtækinu slá á Íslandi“, eins og einn viðmælenda komst að orði. Að auki var rætt mikið um rekstur fyrirtækisins og ákvarðanir stjórnenda, eins og ítarlega er rakið í hliðarefni þessarar greinar.

STAÐA EFNAHAGSMÁLA VELDUR ÖSSURI MIKLUM ÁHYGGJUM

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um flutning höfuðstöðva fyrirtækisins úr landi. Í samtali við Kjarnann segir hann enga sérstaka athugun í gangi í þeim efnum, en fyrirtækið fylgist vel með og meti stöðuna á hverjum tíma. Ráðaleysi stjórnvalda í efnahagsmálum, óútfært plan um afnám gjaldeyrishafta og áform stjórnvalda um að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka valdi fyrirtækinu miklum áhyggjum.

Össur undirritaði 9. mars 2011 samning við þrjá alþjóðlega banka, ING Bank, Nordea og SEB, um langtímafjármögnun að fjárhæð 231 milljón Bandaríkjadala. Meðalvextir lánasamningsins voru 125 punktar ofan á millibankavexti, en Össur hefur fengið fjármögnun á mun betri kjörum á alþjóðlegum mörkuðum en innan hafta á Íslandi.

Til samanburðar má nefna að í skuldabréfaútboði Íslandsbanka í desember, að upphæð 500 milljónir sænskra króna eða sem nemur 9,1 milljarði íslenskra króna, báru skuldabréfin 400 punkta ofan á sænska millibankavexti.

Óþarfi er að fjölyrða um vaxtakjör Össurar ef fyrirtækið þyrfti alfarið að reiða sig á fjármögnun hjá íslenskum fjármálastofnunum.



Fjármálakerfið líka – Már undir pressu

Það eru ekki aðeins helstu iðnfyrirtækin sem eru undir smásjánni. Fjármálakerfið er það sömuleiðis, og þá í tengslum við afnám hafta og úrvinnslu úr eignum þrotabúa föllnu bankanna. Íslenska ríkið á 13 prósenta hlut í Arion banka, fimm prósent í Íslandsbanka og 98 prósent í Landsbankanum. Framtíðarskipan fjármálakerfisins, hvað eignarhald varðar og almenna stefnu sömuleiðis, er á borði stjórnvalda og Seðlabanka Íslands af þessum sökum.

Mikil umræða hefur átt sér stað í viðskiptalífinu að undanförnu um þessa stöðu, ekki síst um opinbera gagnrýni Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á Seðlabanka Íslands, mögulegar breytingar á lögum um Seðlabankann og mikla umfjöllun fjölmiðla um launamál Más Guðmundssonar seðlabankastjóra gegn Seðlabankanum sjálfum.

Kjarninn hefur undir höndum tölvupóst sem sýnir glögglega að ýmislegt er skeggrætt á meðal áhrifafólks í viðskiptalífinu um þessi mál. Póstinn sendi Helgi Magnússon, fjárfestir og stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verzlunarmanna, á ýmsa áhrifamenn í viðskiptalífinu, þar á meðal stjórnarmenn í lífeyrissjóðum og fjárfesta.

Í póstinum leggur Helgi út frá því hvers vegna Morgunblaðið hafi verið svo upptekið af því að fjalla um Má Guðmundsson og launamál hans gegn Seðlabankanum. Hann segir að undirliggjandi séu nokkrar ástæður sem séu frekar „subbulegar“, þar á meðal að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn vilji komast að stýrinu í Seðlabankanum til þess að ráða því í hvaða höndum eignir sem Seðlabankinn heldur á, þar á meðal kröfur í bú föllnu bankanna, lendi. Þá segir hann Davíð Oddsson, fyrrverandi formann stjórnar Seðlabanka Íslands og nú ritstjóra Morgunblaðsins, vera að reyna að bæta ímynd sína.

Bréfið var sent 16. mars síðastliðinn. Orðrétt segir Helgi í bréfinu:

16. MARS 2014

Sælir félagar.
Sl. laugardag bar það til tíðinda að forsíða MÁS-FRÉTTA (áður Mbl.) var ekki lögð undir fréttir af „Stóra-Más-Málinu“ eins og hafði þá gerst í átta blöðum í röð.

Blaðið hefur ekki lagt átta forsíður í röð undir eitthvert eitt efni síðan í hruninu árið 2008. Þó voru þá eitthvað mismunandi áherslur og breiðari efnistök heldur en í þessu einfalda klúðursmáli sem lögsókn Más gegn Seðlabankanum er. Sumir halda því fram að efnahagshrunið á Íslandi árið 2008 sé jafnvel enn stærra mál en klúðrið kringum launamál Más! Ljóst er að formaður bankaráðs, Lára V. Júlíusdóttir, hrl., er með allt niður um sig í þessu máli og einnig Már. En hvers vegna er verið að fjalla um þetta tiltölulega ómerkilega mál með því offorsi og þeirri þráhyggju sem fram kemur hjá þessum eina fjölmiðli?

Fyrir því liggja nokkrar ástæður – og flestar eru þær frekar subbulegar:

1. Sálartetur fyrrum bankastjóra Seðlabankans er ennþá skaddað eftir að hann var rekinn af fyrri ríkisstjórn eftir að hafa haft forystu um að gera bankann gjaldþrota upp á 300 milljarða króna. Um það gjaldþrot hefur lítið verið fjallað í Mbl., og alls ekki hefur þótt taka því að leggja forsíður undir slíka smámuni. Því þarf að beina athygli að öðrum vandræðalegum málum hjá bankanum.

2. Núverandi bankastjóri er ekki nógu handgenginn ríkisstjórninni og því þarf að tryggja að hann geti ekki sótt um. Klúðrið kringum málið er þannig að löngu ætti að vera ljóst að hann sækir ekki um. Því ætti ekki að þurfa þessi læti – en fleira kemur til. Gengið verður frá ráðningu tveggja þjálla manna sem annar kemur frá Framsókn og hinn frá D.

3. Það sem einnig veldur því að blaðið gengur af göflunum er að helsti eigandi þess, Samherji, á í miklum deilum við gjaldeyriseftirlit Seðlabankans sem fór í gríðarstóra rannsókn á gjaldeyrissvindli Samherjasamstæðunnar en það mál er nú hjá Sérstökum saksóknara. Verði ákært í því máli og nái saksóknari fram með málatilbúnað sinn, er hætt við að „fínir menn“ bætist við langan lista þeirra sem fá „frítt fæði og húsnæði“ hjá ríkinu á næstu missirum og árum. Það vekur ekki kátínu og veldur því að það þarf að hefna sín grimmilega á Má sem að sjálfsögðu kemur mjög við sögu í þessari rannsókn. Já, það er gott að eiga fjölmiðil sem þjónar lund manns ef maður á marga óvildarmenn sem þarf að jafna um! Enda er hermt að eigendur blaðsins borgi tapið af því með glöðu geði.


4. Spillt hugsun Framsóknar og Sjálfstæðismanna, sem mjög hefur verið gagnrýnd og er talin hluti af orsökum hrunsins árið 2008, er enn til staðar. Helmingaskiptamórallinn er enn í fullu gildi. Og þá gegnir Seðlabankinn lykilhlutverki. Hjá bankanum er vistað eignarhaldsfélag sem tekur við ýmsum eignum sem tilheyra uppgjörum eftir hrun vegna þrotabúa og annara mála. Framundan er að þetta eignarhaldsfélag taki við krónueignum úr þrotabúum Kaupþings og Glitnis, m.a. hlutabréfum í Arion og Íslandsbanka. Þá skiptir miklu máli að Framsóknarmenn fái annan bankann á mjög góðu verði og handgengnir sjálfstæðismenn hinn. Við slíkar aðstæður gengur ekki að hafa við stjórnvölinn í Seðlabankanum annað en „strangheiðarlega“ sendisveina flokkanna. Sjáum bara til!

Einhverjum kann að þykja þetta harkalegt mat. En því miður er það byggt á meiri staðreyndum en ætla má í fyrstu. Við skulum fylgjast vel með og meta í sameiningu hvort þessi greining mín á ekki eftir að eldast vel.

TENERIFE ALMERÍA COSTA BRAVA BARCELONA BENIDORM ALBÍR ALICANTE BORG MADEIRA ÚRVALSFÓLK

MARMARIS

Töfrandi áfangastaður á Tyrklandi



CLUB ANASTASIA ***

VERÐ FRÁ **111.950 KR.**

m.v. tvo fullorðna og tvo börn í íbúð með einu svefnherbergi.
Verð 141.900 kr. m.v. tvo fullorðna

ÚRVAL·ÚTSÝN

HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000 | UU.IS

Einn þeirra sem svara póstinum er Sigurður Arngrímsson, ráðgjafi og fyrrverandi starfsmaður Morgan Stanley-bankans í London. Orðrétt segir hann: „Ég fæ ekki betur séð en þetta sé allt rétt. Davíð er auðvitað að draga athyglina frá sjálfum sér hvað varðar klúður í Seðlabankanum. Ég fæ ekki betur séð en hann sé nú klárlega dýrasti maður lýðveldisins. Hvernig væri að fara svolítið yfir það?“

Mikil pressa

Í ofanálag við þessa baráttu bak við tjöldin, ýmist í hluthafahópum margra stærstu fyrirtækja landsins eða á hinu viðskiptapólitíska sviði, blandast undirliggjandi pressa sem er á ráðamönnum landsins, einkum þeim Bjarna Benediktssyni, efnahags- og fjármálaráðherra, og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra. Þeir hafa það í hendi sér hvaða stefna verður ofan þegar kemur að afnámi hafta og mörkun nýrrar peningastefnu fyrir landið. Spurningum um hvernig þessum málum verður háttað er flestum ósvarað, í það minnsta í nákvæmisatriðum.

BARA TILFINNINGALEGAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ HALDA CCP Á ÍSLANDI

Ræða Hilmars Veigars Péturssonar, framkvæmdastjóra CCP, á lðnþingi í byrjun mars fór vart framhjá mörgum. Þar fór hann meðal annars yfir feril CCP, hinn mikla uppgang sem fyrirtækið hefði gengið í gegnum og hvernig það væri að stýra alþjóðlegu fyrirtæki í höftum og með íslenskri krónu. Hilmar sagði einnig frá því að tilboðum um að færa CCP til útlanda hefði rignt inn og að erlend sendiráð hérlendis væru mjög dugleg að tala við fyrirtæki sem „vit er í“. Í dag væri staðan þannig að þeir sem næðu árangri á hans vettvangi settu ekki upp fyrirtæki á Íslandi. Hann hefði hins vegar ákveðið að CCP yrði áfram á Íslandi í stað þess að fara til dæmis til Kanada, en þar bauðst CCP að borga enga skatta í fimm ár ef það flytti sig. Hilmar sagði ástæðu þess að hann hefði ekki flutt fyrirtækið einvörðungu byggða á tilfinningum. Eftir á að hyggja hefði það ekki verið sérstaklega góð ákvörðun. „Það stenst enga skoðun ef maður skoðar staðreyndirnar. Það meikar ekkert sens,“ sagði hann í ræðu sinni.

Skömmu eftir ræðuna frægu birti CCP uppgjör sitt fyrir árið 2013. Þar kom í ljós að bókfært tap hefði verið 21,3 milljónir dala eða um 2,4 milljarðar króna, þrátt fyrir að rekstrartekjur hefðu aukist umtalsvert á milli ára. Ástæða tapsins er að óefnisleg eign var færð niður um 49,2 milljónir dala, eða um rúma 5,5 milljarða króna. Um er að ræða rannsóknar- og þróunarkostnað vegna tveggja verkefna: helstu tekjulind CCP Eve Online og fyrstu persónuskotleiknum DUST 514.

Stjórnendur CCP hafa ekki viljað sundurgreina hversu mikið tap er vegna hvors verkefnis fyrir sig en ljóst er að gjaldfærslan er tæplega fjórum sinnum hærri en hún var vegna ársins 2012, þegar hún náði einungis til Eve Online. Afskrifaður kostnaður vegna DUST 514 er því stór hluti af tapi síðasta árs.

Þetta tap fór, samkvæmt heimildum Kjarnans, ekki vel í erlenda hluthafa CCP og bjó til nýja samningsstöðu fyrir þá sem vilja flytja höfuðstöðvar CCP burt frá Íslandi. Þegar þeir komu hingað til lands til að vera viðstaddir aðalfund CCP ræddu þeir, og aðrir hluthafar fyrirtækisins, fram og til baka um flutning höfuðstöðva úr landi. Niðurstaðan er sú að endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir en menn sjái ýmsa skýra kosti þess að fara.

GREINING Framtíð íslenskra hugvitsfyrirtækja

Á endanum yfirgefa tækifærin okkur

Ótrúleg fyrirtæki hafa byggst upp á Íslandi með hugviti Íslendinga. Nú horfa þau mörg hver, í mikilli alvöru, fram á að geta ekki lengur starfrækt höfuðstöðvar sínar hérlendis. „Hjartað“ í rekstrinum fær einfaldlega ekki það súrefni sem til þarf svo það slái í réttum takti. Og sjúkdómurinn sem hrjáir það er að langstærstu leyti heimatilbúinn.

Þarna er átt við fyrirtæki eins og Marel, Össur og CCP. Þau hafa þurft að sætta sig við ýmislegt á eftirhrunsárum hafta til að halda tengslunum við Ísland en nú virðast ætla að verða vatnaskil. Útspil stjórnvalda um að ætla að draga til baka aðildarumsókn að Evrópusambandinu var síðasta hálmstráið hjá mörgum sem tengjast þessum fyrirtækjum. Með því að möguleikanum á aðild væri haldið lifandi var í það minnsta von um að Ísland gæti tengt sig alþjóðlegum mörkuðum og mynt. Nú telja þeir að sá möguleiki sé horfinn og það er ljóst á samræðum við fólk í kringum hluthafa fyrirtækja í verðmætasköpun að baráttan fyrir því að halda höfuðstöðvum þessarra fyrirtækja á Íslandi er að tapast.



GREINING
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Vaxa erlendis

Ástæður þessa eru einfaldar og vel þekktar. Öll fyrirtækin sem um ræðir eru í alþjóðlegri starfsemi. Öll vaxtartækifæri þeirra liggja annars staðar en á Íslandi. Öll eru með umfangsmeiri starfsemi erlendis en á Íslandi. Öll eru að mestu með útlenda fjármögnun sem er á mun betri kjörum en þeim bjóðast nokkru sinni á Íslandi. Öll gera upp og greiða starfsmönnum sínum í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni. Öll myndu vera samkeppnishæfari um starfsfólk ef þau væru staðsett í Bandaríkjunum, Kanada eða á meginlandi Evrópu. Stórir hluthafar í öllum þeirra eru erlendir aðilar. Einu ástæðurnar sem eru fyrir því að þessi fyrirtæki eru enn með höfuðstöðvar á Íslandi eru einfaldlega þær að tilvera þeirra byggir á hugmyndum sem Íslendingar fengu, þeim er stýrt af Íslendingum og tilfinningatengslin við heimahaganna gera flutning þeim mun þungbærari.

„Skapandi iðnfyrirtæki munu ekki þrífast hér. Þau sem eru fyrir munu fara og nýju sprotarnir sem spretta upp munu skrá sig í Delaware eða annarri skattaparadís.“

Það er samt sem áður ekki langt síðan risastórt alþjóðlegt fyrirtæki, með sterkar rætur á Íslandi, reif sig upp og flutti höfuðstöðvar sínar til Zug í Sviss þar sem skattalegt hagræði er mun meira og, samkvæmt þáverandi forstjóranum Claudio Albrecht, mun hentugra var að ná í „fólk með alþjóðlega reynslu til að starfa þar“. Þetta gerðist árið 2011 og fyrirtækið sem flutti heitir Actavis.

Uppgjör þrotabúa skiptir miklu máli

Með hverjum deginum sem Ísland er fast í höftum og takmörkunum íslensku krónunnar minnka líkurnar á því að snúið verði af þessari brottfararleið hugvitsfyrirtækjanna okkar. Og það eru ekki bara Evrópumálin sem spila þar inn í, þótt þau hafi markað vatnaskil. Allsherjaráætlun stjórnvalda varðandi uppgjör á þrotabúum föllnu bankanna, sem er nátengt möguleikum Íslands á að lyfta nokkru sinni gjaldeyrishöftum, spilar líka stóra rullu. Sú áætlun sem flestir innan

íslensks viðskiptalífs virðast sannfærðir um að hrint verði í framkvæmd snýst um að keyra þrotabúin í þrot og láta þau greiða út í íslenskum krónum sem dótturfélag Seðlabanka Íslands leysir til sín frá kröfuhöfum með miklum afslætti en úthlutar síðan aftur til innlendra aðila. Á meðal þessara eigna eru Arion banki og Íslandsbanki, sem eru að mestu leyti í eigu þrotabúa fyrirrennara sinna.

Væntingar hugmyndafræðinga þessarar leiðar eru að með þessu verði hægt að ná stórum hluta eigna þrotabúanna undir yfirráð Seðlabanka Íslands. Áður en ráðist verður í þessa aðgerð á hins vegar að skipta út stjórnendum bankans til að stefna hans gangi meira í takt við stefnu ráðamanna.



Heimur Eve
Aðaltekjulind og sköpun CCP er tölvuleikurinn Eve Online.

Þetta er skoðun sem er að finna víða í atvinnulífinu. Hún er meðal annars sett fram í tölvupósti frá Helga Magnússyni, varaformanni næststærsta lífeyrissjóðs landsins, til ýmissa áhrifamanna í íslensku viðskiptalífi sem Kjarninn birtir í dag. Hann telur að raunverulega ástæðan að baki breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands sé að koma eigi Arion banka og Íslandsbanka í hendurnar á annars vegar framsóknarmönnum og hins vegar einhverjum sem séu handgengnir Sjálfstæðisflokknum. Og þetta verði að gerast á góðu verði. „Helmingaskiptamórallinn er enn í fullu gildi," segir Helgi.

Viðspyrna viðbúin

Kröfuhafar föllnu bankanna ætla þó ekki að taka þessum tíðindum þegjandi. Margir þeirra eru með stór veðmál undir hérlendis og hafa fjárfest víða annars staðar á Íslandi en í kröfum á fallna banka. Þeir eru farnir að búa sig undir að fara í hart við íslensk stjórnvöld verði gjaldþrotaleiðin farin. Aðgerðir þeirra munu að einhverju leyti snúast um að koma

í veg fyrir að erlendar eignir föllnu bankanna verði fluttar til Íslands á grundvelli skilaskyldu Seðlabankans. Þeim verður hrint í framkvæmd fyrir erlendum dómstólum.

Þeir kröfuhafar sem eiga „gömlu snjóhengjuna“, á fjórða hundrað milljarða króna af kvikum krónum sem eru fastar í skuldabréfum og innstæðum, sýndu klærnar um daginn þegar þeir komu í veg fyrir að fé kæmist inn til Íslands i gegnum fjárfestingaleið Seðlabankans með því að bjóða þannig að Seðlabankinn gat ekki tekið tilboðum þeirra. Sá ógagnsæi hópur sem á þessar eignir er reyndar talinn mjög fámennur og að hluta til samansettur af Íslendingum sem ómögulegt er að fá upplýsingar um hverjir eru. En þetta olli því að mörg fjárfestingarverkefni á Íslandi sem höfðu beðið eftir afsláttarkrónum fjárfestingaleiðarinnar þurftu að fara á ís fram að næsta útboði.

Framtíð hugmynda er annars staðar

Sá leikur sem stendur yfir mun hafa gríðarleg áhrif á framtíð Íslands. Aðferðafræði stjórnvalda í baráttunni fyrir afnámi hafta virðist snúast um að leggja mikið undir og búast við stórum vinningi. En ef veðmálið tapast mun Ísland sitja einangrað í súpunni. Hér verður til staðar hagkerfi með ónýta mynt, áframhaldandi gjaldeyrishöft og litla möguleika á alþjóðlegum fjármögnunarmörkuðum sem hvílir á örfáum auðlindageirum og bindur framtíðarvonir sínar við skipaflutninga á norðurslóðum og mögulegan olíufund á Drekasvæðinu.

Skapandi iðnfyrirtæki munu ekki þrífast hér. Þau sem eru fyrir munu fara og nýju sprotarnir sem spretta upp munu skrá sig í Delaware eða annarri skattaparadís. Nú þegar er það raunin með mörg þeirra íslensku sprota sem hafa fótað sig á erlendum vettvangi.

„Það er samt sem áður ekki langt síðan risastórt alþjóðlegt fyrirtæki, með sterkar rætur á Íslandi, reif sig upp og flutti höfuðstöðvar sínar til Zug í Sviss ... Þetta gerðist árið 2011 og fyrirtækið sem flutti heitir Actavis.“

nau í áskrift

wise
- snjallar lausnir

er hlutverk þitt að sjá um bókhaldið?

Fullbúin viðskiptalausn í áskrift - Microsoft Dynamics NAV

Mánaðarlegt gjald veitir aðgang að einu mest selda bókhaldskerfi landsins ásamt kostnaði við uppfærslu- og þjónustugjöld, hýsingu, afritun á gögnum, öryggisvarnir og SQL gagnagrunn.

Breytilegur fjöldi notenda eftir mánuðum sem lágmarkar kostnað.



Kerfinu fylgir rafræn sending reikninga, samskipti við RSK og margt fleira.

Fjöldi sérlausna í boði fyrir þá sem þurfa aukna virkni.



Verð frá kr.
11.900-
pr. mán. án vsk

wise

Wise lausnir ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík
Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is
www.wise.is

Microsoft Dynamics NAV
Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

545 3200

navaskrift.is

sala@wise.is



TOPP 5 Helstu afleikir vinstristjórnarinnar

Meðal sögulega verstu ákvarðana stjórnvalda

Íslendingar eru oft fljótir að gleyma. Vandræði sitjandi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í skuldaniðurfellingarmálum, makríldeilumálum, Evrópumálum, kjarasamningamálum og alls kyns öðrum málum hafa dregið athyglina frá fortíðinni. Síðasta ríkisstjórn, mynduð af Samfylkingunni og Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, var þó ekki með allt sitt á hreinu. Þvert á móti tóku meðlimir hennar nokkrar ákvarðanir sem munu sögulega teljast með þeim verstu sem íslensk stjórnvöld hafa nokkru sinni tekið. Kjarninn tíndi saman þær helstu. ÞSJ



5 Icesave 1

„Ég var nú eiginlega bara orðinn leiður á því að hafa þetta hangandi yfir mér," sagði Svavar Gestsson í viðtali við Morgunblaðið 6. júní 2009. Hann hafði þá stýrt samninganefnd Íslands vegna Icesave-reikninganna sem náði samkomulagi sem í daglegu tali er aldrei kallað annað en Icesave 1. Þremur dögum áður hafði Steingrímur J. Sigfússon, þá fjármálaráðherra, sagt Alþingi að ekki stæði til að ganga frá „einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga".

Skemmst er frá því að segja að allt varð vitlaust í samfélaginu vegna þessa samnings. Bæði þóttu kjörin sem samið var um þess eðlis að Ísland myndi aldrei ráða við þau og stór hluti þjóðarinnar var líka þeirrar skoðunar að ríkið ætti ekkert að axla þessar einkaskuldir Landsbankans. Eftir margra mánaða hark og breytingar voru lögin loks samþykkt á Alþingi 30. desember 2009. Forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar nokkrum dögum síðar og málið fór þaðan í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í henni sögðu 93,2 prósent þeirra sem greiddu atkvæði nei við samningnum. Já sögðu 1,8 prósent. Það er líkast til fátt sem klauf þjóðina frá þinginu sínu jafn skarpt og Icesave 1. Og í þann klofning glittir enn í dag.



4 Versti Banki Sögunnar

VBS Fjárfestingarbanki fékk 26,4 milljarða króna lán frá ríkissjóði í mars 2009, mánuði eftir að ríkisstjórn Samfylkingar og VG tók við. Bankinn núvirti 9,4 milljarða króna af láninu, færði sem eign og gat þannig sýnt fram á sýndarheilbrigði. Með því keypti VBS sér líftíma sem hann stóð, vægast sagt, ekki undir.

VBS fór loks í þrot í mars 2010. Lýstar kröfur í búið voru 48 milljarðar króna og ljóst að einungis brotabrot fæst upp í þær. Síðar kom í ljós að staða VBS hafði verið svo slæm á þeim aukna líftíma sem ríkið veitti honum, og var meðal annars nýttur í ýmiss konar gjörninga sem kröfuhafar, slitastjórn og ákæruvaldið hafa síðar þurft að reyna að vinda ofan af og/eða upplýsa um, að Seðlabanki Íslands neyddist til að lána bankanum 53 milljónir króna í ágúst 2009 til að hann gæti borgað laun. Morgunljóst virðist hafa verið að VBS, sem stundum er sagður skammstöfun fyrir Versta Banka Sögunnar, átti aldrei möguleika á að lifa af og því er óskiljanlegt að ríkisstjórn þess tíma hafi veitt honum lengingu í hengingarsnörunni.



3 Landsdómur

Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að nokkrir íslenskir ráðherrar hefðu sýnt af sér vanrækslu í starfi í aðdraganda hrunsins. Þingmannanefnd sem skipuð var til að fjalla um skýrsluna komst að þeirri niðurstöðu í september 2010 að ákæra ætti fjóra fyrrverandi ráðherra, þau Geir H. Haarde, Árna Mathiesen, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Björgvin G. Sigurðsson, fyrir Landsdómi vegna þessarar vanrækslu.

Þegar alþingismenn kusu um málið varð niðurstaðan hins vegar sú að einungis Geir var kærður. Málið var rammpólitískt og allt varð hreinlega vitlaust þegar nokkrir þingmenn Samfylkingar ákváðu að segja já við ákæru á hendur ráðherrum Sjálfstæðisflokksins en hlífa sínum flokksmönnum. Landsdómsmálinu lauk með því að Geir var fundinn sekur um einn ákærulið en þeir voru upphaflega sex. Honum var ekki gerð refsing. Geir kærði málsmeðferðina til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem ætlar að taka málið fyrir.



2 Sparisjóðurinn í Keflavík

Sparisjóðurinn í Keflavík var ónýt fjármálastofnun fyrir bankahrunið. Það var meðal annars staðfest í svartri skýrslu sem Fjármálaeftirlitið vann um hann og var skilað inn mánuði áður en allt hrundi. Samt var ákveðið að leyfa sjóðnum að lifa áfram eftir bankahrun og ráðamenn töluðu um hann sem verðandi hryggjarstykki í nýju sparisjóðakerfi. Það sem verra var er að hann hélt áfram að safna innlánum með þeim afleiðingum að tapið vegna hans jókst stórkostlega. Alls fékk sjóðurinn að lifa í 30 mánuði eftir bankahrunið þrátt fyrir að rekstrarforsendur hans hafi algjörlega brostið þá. Á því tímabili tókst honum að tapa 46,6 milljörðum króna.

Þegar sjóðurinn fór loks formlega á höfuðið í apríl 2010 var nýr sparisjóður stofnaður á grunni þess gamla, SpKef. Ríkið setti 900 milljónir króna inn í hinn nýja sjóð sem eigið fé. Tæpu ári síðar varð ljóst að nýi sjóðurinn ætti sér ekki viðreisnar von og SpKef var rennt inn í Landsbankann. Kostnaður skattgreiðenda vegna beins kostnaðar, vaxta og eiginfjárframlaga til Sparisjóðsins í Keflavík varð á endanum 26,1 milljarður króna.

Sælir verða þeir sem þiggja

Þú færð fermingargjöfina í Macland Laugavegi 17

Vaxtalaus kortalán til allt að 12 mánaða.



MacBook Pro
verð frá 199.990 kr.-



iPhone 5s
verð frá 109.900 kr.-



iPhone 5c
verð frá 89.900 kr.-



iPad
verð frá 49.990 kr.-

Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | verslun@macland.is | **macland.is**

macland




1 Ríkið verðlaunar starfsmenn Landsbankans fyrir frábæra rukkun

Þegar íslenska ríkið samdi við kröfuhafa gamla Landsbankans í desember 2009 um skiptingu eigna hans fékk ríkið 80 prósenta hlut í nýja Landsbankanum, sem stofnaður var á rústum hins gamla. Þessi hlutur gat hækkað umtalsvert ef vel gengi að innheimta tvö lánasöfn, sem heita Pony og Pegasus. Afrakstur þeirrar innheimtu átti að renna til gamla Landsbankans og hlutur ríkisins myndi vaxa upp að 97,9 prósentum ef endurheimtir yrðu góðar. Afganginn, 2,1 prósent, áttu starfsmenn nýja Landsbankans að fá í verðlaun fyrir vel heppnaða rukkun. Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, skrifaði undir samninginn fyrir hönd íslenska ríkisins.

Niðurstaðan varð sú að endurheimtir urðu með hæsta móti og starfsmennirnir fengu umræddan hlut gefins. Miðað við eiginfjárstöðu Landsbankans um síðustu áramót var innra virði hlutarins um 4,7 milljarðar króna. Þeir munu fá um 144 milljónir króna í arð vegna eignar sinnar á þessu ári og verða þar með einu starfsmenn fyrirtækis í eigu ríkisins sem fá greiddan arð vegna hlutabréfa sem þeir fengu gefins.

1874-1944



2014-2084

Guðni Th. Jóhannesson veltir fyrir sér fortíð, nútíð og framtíð Íslands. Stöndum við nú á krossgötum? Fullveldisspurningarnar eru sprellllifandi.

Guðni Th. Jóhannesson

Í sumar verður lýðveldið Ísland 70 ára. Hver er staða ríkis og þjóðar á þeim tímamótum? Höfum við gengið til góðs, götuna fram eftir veg? Hafa þær vonir ræst sem landsmenn báru í brjósti á Þingvöllum 1944? Hvernig verður umhorfs eftir önnur 70 ár? Er víst að lýðveldið lifi?

1874–1944

Lítum fyrst langt um öxl. 70 árum fyrir lýðveldisstofnun, sumarið 1874, færði Danakonungur þjóðinni stjórnarskrá. Það var framfaraskref en brautin var þung og atburðarás utan landsteinanna skipti áfram sköpum: Sigur þingræðis í Danmörku, erlent fjármagn sem stuðlaði að iðnbyltingu í sjávarútvegi og loforð valdamikilla ríkja um sjálfsákvörðunarrétt þjóða svo nokkur dæmi séu nefnd. Og þótt Íslendingar krefðust í sífellu aukinna réttinda gætti líka íhaldssemi innanlands. Of margir í valdastétt bændasamfélagsins vörðu of lengi úrelt þjóðskipulag. Óttu við breytingar hamlaði nýsköpun og framförum. Þeim tregu var þó vorkunn, öldum saman hafði óbreyttur landbúnaður haldið lífi í fólki og erfitt var að sjá framtíðarþróun fyrir.

„Fyrstu áratugina eftir áfangasigurinn 1874 efuðust ýmsir mætir menn um að þjóðin gæti staðið á eigin fótum.“

Auk þess var fullt sjálfstæði ekki sjálfsagt lokatakmark. Fyrstu áratugina eftir áfangasigurinn 1874 efuðust ýmsir mætir menn um að þjóðin gæti staðið á eigin fótum. Í hita kreppuáranna óttuðust sumir í næstu kynslóð mætra manna hvort íslenska ríkið yrði ekki að reiða sig áfram á konungssamband við Danmörku því öfgaöfl gætu hrifsað til sín völdin í vopnlausu landinu. Sömuleiðis mátti litlu út af bregða hjá þjóð sem reiddi sig alfarið á útflutning sjávarafurða. Sjálfstæði landsins var líklega mest í raun árin 1918–1940 þegar það var fullvalda, utan alþjóðasamtaka og átti engan stuðning vísan ef í nauðir ræki. Ríkisgjaldþrot vegna aflabrests og sölutregðu var ekki óhugsandi. Fullveldið var fallvalt.

1944–2014

Svo kom „blessað stríðið“. Ríkið varð skyndilega vellríkt og framtíðin hlaut að teljast björt. Eða hvað? Erlendir spekingar spurðu hvort örríki á hjara veraldar gæti haldið pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði. Fyrstu árin gerðu íslenskir valdhafar reyndar sitt til að ala á slíkum efasemdum. Stríðsgróðinn hvarf og greiðsluvandi ríkisins varð aftur uggvænlegur. Kom þá ekki annað „gott“ stríð – kalt stríð – og bjargaði málum. Að vísu fylgdi sá böggull skammrifi að þjóðin klofnaði í fylkingar með og á móti hernum. Auk þess óttuðust margir, einkum menntafólk, „ameríkaníseringu“ og „hernám hugarfarsins“. En með kalda stríðinu fékkst Marshall-aðstoð, gjafafé og ókeypis hervernd, að ekki sé minnst á bætta vígstöðu í landhelgismálinu. Í því var hernaðarmikilvægi Íslands öflugt vopn. Frumkvæði fjölmargra erlendra ríkja í hafréttarmálum var einnig dýrmætt. Aftur réðu aðstæður ytra því miklu um sigur Íslands þótt staðfesta og dugnaður Íslendinga sjálfra hafi auðvitað líka haft sitt að segja.



Lýðveldisstofnun fagnað
Lýðveldið Ísland var stofnað á Þingvöllum 17. júní 1944. Ísland hafði þá lotið konungum á Norðurlöndum síðan Gamli sáttmáli var gerður árið 1262.

Forsendur efnahagslegra framfara voru tryggðar. Auðlindir á láði og legi voru nýttar mun meir en áður – fiskimið, hagar, fossar, jarðhiti og fagurt landslag fyrir ferðamenn. Með öllu þessu og eigin hugviti tókst okkur að skapa öflugt velferðarsamfélag. Lýðveldið efldist en flokkaræði og frændhygli settu að vísu ljótan blett á það. Auk þess voru þeir ekki öfundsverðir sem minna máttu sín eða þóttu á einhvern hátt öðruvísi en gerðist og gekk.

Svo kom útrásin, ofvöxtur bankanna og ýkjukenndar hugmyndir of margra Íslendinga um eigið ágæti. Dramb er falli næst. Árið 2014, 70 árum eftir lýðveldisstofnun, erum við Íslendingar tiltölulega nýlega sloppnir með skrekkinn eftir bankahrunið mikla. Ytra vildi nær enginn hjálpa útrásarvíkingum, bankamönnum og stjórnvöldum úr því

sjálfskaparvíti sem hefði hæglega getað valdið þjóðargjaldþroti og varð aðeins leyst með atbeina Alþjóða gjaldeyrissjóðsins.

Ísland í dag

Enn getur íslenska ríkið ekki talist fullgildur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu á ný, með laskaðan gjaldmiðil í skjóli hafta fyrir náð og miskunn annarra á Evrópska efnahagssvæðinu. Og fyrst á það svæði er minnst: Eflaust hefðu fæstir þeirra sem fögnuðu í vætunni á Þingvöllum 17. júní 1944 getað ímyndað sér að sjálfstæði lýðveldisins fælist meðal annars í því að gera orðalaust að íslenskum lögum tilskipanir og reglugerðir frá Brussel eins og gert hefur verið frá 1994. Sama mætti segja um hervernd Bandaríkjanna til 2006 og aðild að NATO. Lýðveldið átti að vera herlaust og hlutlaust. Umsvif erlendra álrisa hefðu líka þótt orka tvímælis í fagnaðarvímunni ´44. Segjum að sjálfstæðisbarátta sé eilíf en sjáum þá líka að skilgreiningin á sjálfstæði breytist stöðugt.

Og hver er þá staða Íslands núna? Er það ekki rétt sem Bill Gates hefur meðal annarra bent á að heimurinn sé nú betri en nokkru sinni fyrr? Líklega hefur aldrei verið vænlegra að búa hér á landi þótt hrunið hafi reyndar sett (tímabundið) strik í reikninginn. Velferðarkerfið veitir þeim sem minna mega sín meira öryggi en áður þekktist. Tækifæri til að láta reyna á drauma í námi eða á öðrum vettvangi eru fleiri og jafnari. Fjölbreytni leyfist. Auðlindir á landið enn. Blikur eru hins vegar á lofti.

Framtíðin

Hvað ber framtíðin í skauti sér? Hvernig verður Ísland að 70 árum liðnum? Hér eru vítin til að varast þau. Framtíðarlýsingar geta brugðist hrapallega. Vísanir í söguna eru oft hæpnar. Menn sjá það sem þeir vilja sjá. Þeir sem trúa á drauga finna þá, sagði Kiljan. Samt er nú bráðnauðsynlegt að hugsa fram í tímann og reyna að móta eigin örlög í stað þess að mæta aðeins því sem að höndum ber frá degi til dags. Lítum því að lokum á nokkrar hugmyndir, spár og viðvaranir um Ísland og umheim framtíðarinnar.



thekking.is

ÞEKKING ER TÖLVUDEILD YFIR 300 FYRIRTÆKJA

Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thekking.is

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI

460 3100
THEKKING.IS



Afleiðingar hlýnunar
Jöklar bráðna og yfirborð sjávar mun hækka með hlýnun jarðar. Á Íslandi mun það að öllum líkindum leiða til þess að Seltjarnarnes verði eyja og að Kvosin sökkvi.
MYND: AFP

Móðir jörð

Gangi svartsýnustu spár eftir verður jörðin vart lífvænleg við aldarlok vegna hlýnunar af mannavöldum. Heimskautaís mun bráðna og land sökkva í sæ, aftakaveður bresta oftar á, skógareldar geisa sem aldrei fyrr. Höf munu súrna, straumar breytast. Vatn og fæðu mun skorta. Jafnvel þeir svartsýnustu benda á að enn sé hægt að bregðast við en sannast sagna gefur saga mannsins á jörðinni ekki endilega tilefni til bjartsýni. Helsta vonin virðist jafnvel liggja í því að þetta sé allt svartagallsraus. Það kemur þá í ljós.

Mannkyn og alþjóðasamfélag

Þekkingu og tækni hefur aldrei fleygt fram eins hratt og síðustu áratugi. Hugmyndaríkustu hugsuðum er nær ómögulegt að sjá hvað gerist næst. Þeir sem hafa varann á óttast að valdhafar hafi sífellt betri tök á að fylgjast með fólki. Hinir bjartsýnu sjá fyrir sér sigra á sjúkdómum og framfarir sem létta fólki lífið. Víst er að þessi öld verður öld hugvitsins. Forskot á aðra fæst í tækni og vísindum.

Nýhafin öld verður líka öld borganna ef að líkum lætur. Fyrir um hundrað árum bjó tíunda hvert mannsbarn í þéttbýli en gangi spár eftir munu þrír fjórðu hlutar mannkyns búa í borgum um miðja þessa öld. En þær borgir verða ekki allar sælureitir, margar samsafn yfirfullra fátækrahverfa. Offjölgun er einmitt einn manngerði vandinn enn. Taki fólk ekki í taumana mun náttúran gera það fyrir okkur, sagði David Attenborough nýlega.

Hvernig mun aðþrengdum lýð ganga að búa í sátt og samlyndi? Auðvelt er að ímynda sér síaukin átök um þverrandi auðlindir, væntanlega í nafni þjóðar eða trúar. Megi marka nýlega rannsókn gætu skortur og misskipting valdið borgarastyrjöldum, fólksflótta og samfélagsupplausn um víða veröld innan fárra áratuga. Langt er reyndar síðan lærðir menn spáðu hruni vestrænnar menningar og nú síðast hnignun Bandaríkjanna, heimsveldis okkar daga. Fólkið sjálft virðist á fallanda fæti, margt þjakað af offitu, sykursýki og öðrum velmegunarkvillum. Í þessu sambandi má líka velta fyrir sér framtíð Evrópusambandsins. Verða til Bandaríki Evrópu eða munu þjóðríkin halda velli? Verður sambandið jafnvel lagskipt? Um það getur enginn fullyrt nú.

Ísland

Við hlýnun jarðar er ekki spurt um landamæri. Hækki sjávarmál eins mikið og verst má vera verður Seltjarnarnes að eyju og Kvosin í Reykjavík fer í kaf. Jöklar hyrfu eða yrðu ekki nema svipur hjá sjón. Það hefði áhrif á nýtingu vatnsafls í landinu. Fari svo verður að koma í ljós hvort nýjar siglingarleiðir um bráðnandi norðurheimskaut færi björg í bú á móti. Þar er ekkert fast í hendi. Að sama skapi gæti hlýnun sjávar laðað fiskistofna á Íslandsmið eins og makríllinn hefur þegar sýnt. Þetta gæti þó reynst skammgóður vermir. Sjávardýr dafna ekki í súru hafi. Og þá var til lítils barist í þorskastríðunum.

Er útvegur Íslendinga kannski í sömu stöðu og landbúnaður var fyrir um hundrað árum, meginstoð sem hlýtur þó að minnka að vægi eigi hagur þjóðarinnar áfram að

vænkast? Sóknina og atvinnutækifærin er ekki hægt að auka að eilífu. Lausnin gæti legið í tækninni, gernýtingu sjávarafurða eins og merkileg dæmi sanna þegar. Hverjum hefði dottið í hug fyrir hálfri öld að hægt væri að framleiða plástra eða húðkrem úr fiskroði og ensími þorska? En það verður þá að styðja nýsköpun og menntun, og bjóða velkomna útlendinga sem færa þjóðinni þekkingu, auðga mannlífið og styrkja efnahaginn. Framtíðin liggur í fjölþjóðlegu hugviti.

Hvað gerist næst? Ekki er gott að segja en margt bendir til að það verði þá í borgríkinu Íslandi. Hér á landi flytur fólk áfram í þéttbýli eins og annars staðar í heiminum. Í harðindum og vesturflutningum undir lok nítjándu aldar yfirgaf fólk afdalakotin. Síðar lögðust Hornstrandir í eyði. Nú segja sérfræðingar í fúlustu alvöru að batni samgöngur ekki og fjölbreyttari störf bjóðist gæti byggð lagst af á Vestfjörðum innan 70 ára. Kannski er það nær óumflýjanlegt á öld borganna.

Við 140 ára afmæli lýðveldisins 2084 yrði þó væntanlega flogið með fyrirmenni að fæðingarstað Jóns forseta að Hrafnseyri við Arnarfjörð. Söfnin og sumarbústaðirnir munu standa. Ferðamennska gæti líka bjargað miklu. Það vopn landsbyggðarinnar er þó tvíeggjað. Gangi vonir ferðamálayfirvalda eftir streymir að minnsta kosti ein milljón gesta til landsins á ári frá 2020. Tekjurnar aukast en landið þolir ekki endilega þá ágengni. Viljum við líka að Ísland verði „Benidorm norðursins“ eins og varað hefur verið við?

Ágengni er lykilorð víðar. Virkjanakostir í landinu eru víst nær hundrað en öllum fylgir fórnarkostnaður. Olía og gas gæti fundist norður af landinu en færu valdhafar vel með þann gróða? Frumkvöðullinn Hjálmar Gíslason skrifaði fyrir skemmstu að olíuríkið Ísland yrði að óbreyttu líkara hinum eyðsluglöðu Sameinuðu arabísku furstadæmunum en Noregi þar sem sparsemi og framsýni ráða för.

Ágengni lýsir sér einnig í lífsstíl margra Íslendinga. Þótt hrunið hafi minnkað einkaneyslu um skeið erum við ein neyslufrekasta þjóð í heimi. Velmegunarkvillar munu auka álag á heilbrigðis- og velferðarkerfið hér eins og annars staðar.



Grænland

BYKO BREIDD

BYKO





Taktu þátt í Grænlandsleik BYKO 4.-11. apríl.

Dregið daglega kl. 12:00
um glæsilega vinninga.

facebook.com/byko.is





Smelltu hér til að skoða nýtt BYKO blað!



Að síðustu má íhuga stöðu íslenskrar tungu, meginþáttar í sjálfsmynd þjóðarinnar. Kennarar segjast gjarnan þurfa að nota ensku til að útskýra merkingu íslenskra orða. Íslenskufræðingar segja ekki loku fyrir það skotið að þolfall og viðtengingarháttur hverfi úr tungumálinu á öldinni. Fer virkilega svo? Ekki spyrja ég þótt ég get kannski giskað á svarið.

Svo er annað: Nú þegar getur fólk gefið tækjum og tólum skipanir og sú tækni verður æ útbreiddari. Enska er þá málið og fátt bendir til að íslenska verði notuð við slík samskipti enda kostar stórfé að koma því í kring. Hætt er því við að íslenska verði ekki til eftir hundrað ár, sagði málfræðiprófessorinn Eiríkur Rögnvaldsson í fyrra af þessu tilefni. Hvernig verður að vera Íslendingur þegar tungumálið deyr? I don't know.

Aðgerðir?

Það segir sig sjálft að bollaleggingar um hag Íslendinga í framtíðinni ár skipta engu máli ef ríki hrynja hvarvetna með braki og brestum, hvað þá ef vart verður líft á jörðinni yfirhöfuð. Við megum þó ekki yppa öxlum og hafa eftir hin fleygu orð John Maynard Keynes að til lengri tíma litið látum við öll lífið hvort eð er. Ekki gengur heldur að segja bara að við eigum ekki að reyna að skipta okkur af gangi mála í útlöndum. Við búum í heimsþorpi. Við gætum gert okkar til að deila lífsins gæðum betur á jörðinni og minnka þannig örlítið líkur á að upp úr sjóði, okkur sjálfum til hagsbóta. Við ættum að viðurkenna þann vanda sem hlýnun jarðar getur valdið, hvort sem sú þróun er tímabundin, af mannanna völdum eða ekki. Er ekki betra að hafa vaðið fyrir neðan sig? Framar öllu þyrftu sem flestir svo að átta sig á því að saga Íslands er samofin sögu Evrópu og heimsins alls. Þótt ákvarðanir okkar sjálfra skipti alltaf máli hafa lífsgæði og staða ríkisins í alþjóðasamfélaginu mótast mest vegna rásar viðburða ytra. Það sýnir sagan og það mun framtíðin sanna.



SJÖ SPURNINGAR

Marta María Jónasdóttir

Blaðakona á Smartlandi mbl.is

Deildu með umheiminum

Af hverju hefur þú mestar áhyggjur þessa dagana?

Ég reyni eftir bestu getu að lifa áhyggjulausu og einföldu lífi. Því miður tekst það ekki alltaf og reglulega fæ ég kvíðahnút í magann út af heilsufari sona minna.

Hvernig líst þér á stöðu efnahagsmála í augnablikinu?

Við stöndum frammi fyrir miklum vanda í efnahagsmálum. Síðasta ríkisstjórn náði ekki að synda í land og þess vegna verðum við að vona að það sé raunveruleg lausn í sjónmáli hjá núverandi ríkisstjórn. Og að lausnin muni skapa sátt og tryggja stöðugleika í efnahagslífinu.

Hvað er fastur liður hjá þér um helgar?

Að sofa lengur og lesa blöðin uppi í rúmi. Svo fer ég alltaf í heita pottinn og yfirleitt hendi ég svo skrokk inn í ofn. Sunnudagskvöld eru algerlega heilög – þá stíg ég ekki fæti út fyrir hússins dyr, reyni að kveikja ekki á tölvunni heldur ligg límd fyrir framan sjónvarpið.

Hvaða bók eða bækur ertu að lesa núna?

Ég var að klára Hljóðin í nóttinni eftir Björgu Guðrúnu Gísladóttur og er enn að jafna mig. Í frítíma mínum legg ég lokahönd á óútkomna matreiðslubók sem gerir það að verkum að yndislestur er af skornum skammti.

Hvaða lag er í mestu uppáhaldi?

Þau eru mörg, en það lag sem ég hlusta hvað mest á þessa dagana er Magic með Oliviu Newton-John frá 1982. Ekki spyrja hvers vegna ...

Hvaða karakter í bíómynd eða sjónvarpsþáttum myndir þú helst vilja vera?

J.R. Ewing í Dallas, ef hann hefði hætt að drekka.


Er farið að vora eða á enn eftir að snjóa?

Hitastigið er allt annað í Smartlandi en á Íslandi. Þar er þörf fyrir sólgleraugu allan ársins hring.

AF NETINU

Samfélagið segir


Facebook



ÖRN ÚLFAR SÆVARSSON

Hægt er að sækja um Leiðréttinguna ógurlegu á tímabilinu 15. maí til 1. september 2014. Maður hefur semsagt alveg maí, júní, júlí og ágúst til að pæla í hvort maður ætli að fá þetta?

Þriðjudagur 1. apríl



SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

Eruði að grínast með að Englar alheimsins, sýningin sem ég missti af vegna ferðalaga, sé í beinni akkúrat þegar ég sit á flugvelli?

sunnudagur 30. mars



FREYR EYJÓLFSSON

Er staddur í stuttri Íslandsheimsókn. Hitti gamla frænku í Bónus, sem heilsaði mér með þessum orðum: "Mikið lítur þú vel út, og þú ert með þínar eigin tennur og allt"

miðvikudagur 2. apríl

Twitter



ÞOSSI @thossmeister

Alltaf jafn vinaleg skilnaðar stemmning í Krossinum


miðvikudagur 2. apríl



MARÍA LILJA ÞRASTAR @marialiljath

Hví að sætta sig við einhvern ísbjörn í Húsdýragarðinn þegar hægt er að bíða smá og fá þann allra síðasta. #tourists #tækifæriíhlýnunjarðar

miðvikudagur 2. apríl



ÞÓRA TÓMASDÓTTIR @thoratomas

ég er orðin svo beitt í skattframtalinu að ég gæti skorið gler með augnaráðinu #virðisauki #útskattur #troðiðþessu

þriðjudagur 1. apríl

BAKHERBERGIÐ

Kom Malcolm Walker 365 til bjargar?

Fjölmiðlar 365 miðla básúnuðu að venju stórkostlega rekstrarafkomu samstæðunnar í síðustu viku án þess að ársreikningur væri birtur samhliða. Reyndar fylgdi sögunni að 2/3 hlutar hagnaðarins væru vegna þess að 365 hefði selt Póstmiðstöðina, sem dreifir Fréttablaðinu, í lok síðasta árs. Engar eigendabreytingar eru hins vegar skráðar í fyrirtækjaskrá og fyrirtækið enn skráð í eigu 365. Einu upplýsingarnar sem er að finna um mögulega eigendur eru fréttir frá því í janúar að Malcolm Walker, kenndur við Iceland, hafi ætlað að kaupa fyrirtækið af gömlu viðskiptafélögum sínum.

Framsókn vill nýta tækifærin og hreinsa loftið


Það fóru ansi margir af hjörunum þegar forsætisráðherra sagðist sjá atvinnuskapandi tækifæri fyrir Ísland í neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á heiminn allan. Í ályktun landsþings Framsóknar segir að „Með hlýnandi loftslagi skapast ný og spennandi sóknarfæri ... fjölbreyttari innlend matvælaframleiðsla er hluti af því að efla íslenskan landbúnað“. Í annarri ályktun segir hins vegar að við verðum að gera miklar kröfur til „hreinleika andrúmsloftsins og umhverfisins alls“. Sigmundur er því samkvæmur annarri ályktuninni en í andstöðu við hina. Það er ágætis árangur.











Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Robert Wong, yfirhönnuður hjá hönnunarstofu Google

Hannar tæki framtíðar



VIÐTAL
Birgir Þór Harðarson
@ofurbiggi

Bandaríski vefrisinn Google hefur undanfarin fjögur ár víkkað starfsvið sitt úr heimi hugbúnaðar á veraldarvefnum og hafið stórsókn á hinum ört vaxandi snjallsímamarkaði. Fyrstu skrefin voru stigin þegar Google gaf út Android-stýrikerfið fyrir snjallsíma árið 2008 og rúmu ári síðar hóf það sölu á Nexus-símanum sem er sérhannaður fyrir stýrikerfið. Síðan hefur Google keypt fjölda fyrirtækja sem hanna og smíða vélbúnað. Má þar nefna Nest, fyrirtæki sem Kjarninn greindi frá fyrir skemmstu og framleiðir reyk- og gasskynjara fyrir heimilið. Google ætlar þó ekki aðeins að taka þátt í samkeppni um tækni sem þegar hefur verið svo sem nánast fullkomnuð heldur horfir langt til framtíðar: Í gegnum Google Glass.

„Fyrir mér er takmarkið að tæknin hverfi, þó að við munum alltaf njóta þess sem tæknin býður uppá. Ég veit auðvitað ekkert hvernig það mun líta út. Kannski verður þetta Star Trek-pinni, fötin þín, eitthvað sem þú setur í eyrað, jafnvel derhúfa.“

Maður er nefndur Robert Wong. Hann er grafískur hönnuður, starfar sem yfirhönnuður á hönnunarstofu Google í New York og á heiðurinn af mörgum af helstu listasmíðum fyrirtækisins, bæði á vefnum og í „raunheimum“. Wong var staddur hér landi um síðustu helgi í tengslum við Hönnunarmars og kynnti starf sitt og þá miklu hönnunarvinnu sem fram fer hjá Google á hverjum degi. Með honum í för var kennsluteymi frá Lundúnum sem leyfði áhugasömum að prófa Google Glass í verslun Advania í Guðrúnartúni.

Myndband varð upphaf að nýrri tækni

Það er engin tilviljun að Google Glass-teymið hafi fylgt yfirhönnuðinum hingað til lands því Wong, ásamt hönnunarteymi sínu í New York, á heiðurinn af hvernig tölvugleraugun virka. Fyrir tveimur árum hóf Google að þróa þessa nýju tækni sem gerir notandanum kleift að fá hvers kyns upplýsingar birtar á örlítinn skjá rétt innan við jaðarsjón sína. Þá var hins vegar óljóst hvernig og hvaða upplýsingar áttu að birtast fyrir augum notandans. Wong ákvað

þá að búa til sjónvarpsauglýsingu fyrir gleraugun, eins og þau væru tilbúin til markaðssetningar. Hugmyndirnar sem birtust í auglýsingunni þóttu svo góðar að myndskeiðið var notað sem viðmið þegar kom að forritun og smíði tækisins.

„Google Glass var fyrsta verkefnið sem við [á hönnunarstofunni] höfðum svo mikil áhrif á. Þetta var í raun og veru í fyrsta sinn sem tilbúið myndband hafði svo mikil áhrif á lokaútkomu tækis eins og Google Glass. Nú erum við farin að gera mun meira af þessu," segir Wong þegar hann er inntur eftir því hvort þetta sé hefðbundin nálgun þegar ný og framúrskarandi hugmynd að tækni er í þróun. „Myndbandið var í raun og veru bara upphafið á þessari vegferð því eftir að það var tilbúið eyddum við einu og hálfu ári með verkfræðingunum sem smíðuðu tækið og forrituðu."


Wong lýsir myndbandinu sem eins konar sérvíettuteikningu sem hafi orðið að raunveruleika. Það hafi verið uppkast af vöruþróuninni og mótað hvernig notandinn átti eftir að upplifa Google Glass. „Þetta er frábær leið til að móta sjónræna upplifun á tækinu."

GOOGLE GLASS ERU ÞRÓUÐ AF LEYNITEYMI GOOGLE

Google Glass er fyrsta tæki sinnar tegundar í heiminum, en það sameinar kosti fjölmargra tækja, svo sem snjallsíma, leiðsagnartækis, myndavélar, myndbandsupptökuvélar, klukku og gleraugna. Tæknin á bak við gleraugun frá Google er þróuð af Google X; hálf dularfullu teymi sem auk framtíðargleraugna þróar sjálfakandi bíla og alheimsinternetsaðgang í gegnum loftbelgi sem eiga að svífa í heiðhvolfinu.

Google Glass er í raun og veru hefðbundin gleraugnaspöng með engum glerjum. Í stað glersins er aðeins lítill skjár sem staðsettur er rétt innan við jaðarsjón notandans. Skjárinn gengur fram fyrir spöngina frá snertifleti við gagnaugað sem festur er á spöngina. Fyrir aftan eyrað er svo áföst smátölva.

Skjárinn er ekki alltaf virkur. Maður þarf að snerta spöngina hægra megin til að virkja skjáinn og aflæsa tölvunni með raddskipuninni „Ok, glass". Þá birtast á skjánum alls kyns skipanir sem hægt



er að bæta við. Svo sem: „Ok, glass. Take a picture." Það kemur á óvart hversu hraðvirk smátölvan er, því um leið birtist ljósmynd á skjánum. Fleiri skipanir má gefa tölvunni eins og að leita á vefnum, hringja í mömmu og senda textaskilaboð.

Enn sem komið er skilja gleraugun aðeins ensku.



Engin starfslýsing fyldi
Robert Wong segist hafa viljað að starfslýsing fylgt starfi hans sem yfirhönnuður hjá hönnunarstofu Google. Þar tekur hann þátt í hönnun og framsetningu allra afurða bandarískra stórfyrirtækisins.
MYND: BIRGIR ÞÓR

Vinnur við að ímynda sér framtíðina

Verkefni hönnunarstofu Google sem Wong stýrir eru margþætt. Teymið hans hefur meðal annars annast hin svokölluðu „Doodles“, sértæku Google-merkin sem birtast reglulega fyrir ofan leitarstrenginn á forsíðu Google. Sjálfur segist hann ekki alveg vita hvað það er sem hann gerir, annað en að reyna að varpa upp mynd af því hvernig tæki nánustu framtíðar eigi að líta út.

„Ég vildi að það væri einhver einföld starfslýsing, en þetta er lítið teymi grafískra hönnuða, textahöfunda og kvikmyndagerðarmanna. Ímyndaðu þér þróunarstofu, en í staðinn fyrir vísindamenn og verkfræðinga eru listamenn og hönnuðir. Og vegna þess að við erum listamenn og hönnuðir er verkefnið okkar að fikta í tækjum og tólum, ímynda okkur hvað hægt er að gera með núverandi tækni eða hvernig hægt er að sameina tækin til að búa til ný. Svo leitum við leiða svo að tækin séu notendavæn; í raun allt sem við höldum að geti orðið nytsamlegt eða skemmtilegt.“

„Það er magnað hversu miklu er hægt að áorka þegar það eru tímamörk á verkinu sem maður sinnir.“

Wong starfaði áður sem grafískur hönnuður og kom meðal annars að vinnu við að endurhanna og fríska upp á vörumerki Starbucks-kaffihúsakeðjunar. Spurður hvort það hafi verið viðbrigði að hefja störf hjá jafn stóru og framsæknu fyrirtæki eins og Google segir hann það helst hafa komið á óvart hversu hröð samskiptin voru innan fyrirtækisins. Þrátt fyrir að annast meiri vöruhönnun nú en hann gerði áður sem grafískur hönnuður segir hann muninn ekki vera það mikinn. Í raun sé hann ekki til staðar.

„Þetta var í raun og veru mjög náttúruleg breyting frá upplýsingahönnun yfir í vöruhönnunina. Það er orðin hefð meðal fyrirtækja og skóla að sérhæfa einstaklinga í ákveðnum fögum og flokka þá niður; þessi á að vera umbúðahönnuður, annar á að vera í umbroti, hinn á að vera vörumerkjahönnuður, auglýsingahönnuður og þar fram eftir götunum,“ segir Wong. Á ferli sínum sem vörumerkja-

hönnuður hafi hann þurft að deila öngum sama verkefnisins á fjölda fyrirtækja sem sérhæfðu sig í einstaka þáttum hönnunarinnar. Slíkt hafi jafnvel orsakað að tilgangur verkefnisins týndist í fjölda tölvupóstsamskipta milli teyma.

„Í raunveruleikanum virkar þetta ekki svona því við, sem neytendur, upplifum hlutina sem heild. Og ef við lítum á hönnun frá sjónarhorni raunveruleikans er vel mögulegt að hafa áhrif á alla þætti hennar í einu."

Wong segist nú, þegar hann lítur til baka eftir að hafa starfað hjá Google sem yfirhönnuður, finnast það furðulegt af hverju fjöldi fyrirtækja þurfi að koma að svona hönnunarvinnu. Hagkvæmast sé að sama teymið hanni upplifunina frá A til Ö. „Ef maður starfar hjá fyrirtæki sem þarf að miðla upplýsingum til allra þessara mismunandi hönnarteyma hýtur eitthvað að bresta. Hjá Google, þegar við förum í gegnum svona vinnu, þá gerum við þetta allt á þremur dögum. Við komum með tillögu að nafni, merki og auglýsingum og hönnum vöruna alla. Markmið þess sem við erum að gera týnist ekki í samskiptum á milli margra mismunandi aðila."

Tímamörk geta skipt sköpum

„Það mikilvægasta sem ég hef lært sem stjórnandi í hönnunarteymi, og það á jafnvel um mannauðsstjórnun eins og hún leggur sig, er að setja tímamörk á verkefni. Það er magnað hversu miklu er hægt að áorka þegar það eru tímamörk á verkinu sem maður sinnir."

„Þriggja daga reglan er ekki algild, stundum set ég verkefnaskil eftir eina eða tvær vikur, en yfirleitt er það tímarammi sem neyðir fólk til að vinna hratt. Ég upplifi þetta þannig að því hraðar sem þú vinnur, þeim mun betri verður útkoman. Og þetta er tvíeggjað sverð því þér getur mistekist jafn hratt að skila af þér verkefninu. Þá færðu aðra þrjá daga. Markmiðið er bara að láta ekki mánuði líða án þess að fá nokkur svör um hugsanlega niðurstöðu."

Wong segir tímamörkin sér svo hugleikin vegna þess að þegar hann var í skóla að læra grafíska miðlun hafi eitt

verkefnið verið að gera blýantsteikningu eftir fyrirsætu. Venjulega gera listnemar nokkar upphitunarteikningar áður en verkefnið sjálft hefst. Þessar upphitunaræfingar eiga ekki að taka meira en eina til tvær mínútur og þegar þeim er lokið vanda nemarnir sig við að teikna fyrirsætuna á mun lengri tíma. „Þegar ég fletti teikningunum mínum fundust mér upphitunarteikningarnar yfirleitt bestar. Þær voru einstakari.“

Tæknin hverfur

Undanfarin misseri, eftir að snjallsímar og spjaldtölvur hafa verið svo gott sem fullþróaðar, hafa stærstu tölvufyrirtæki heims beint sjónum sínum að þróun svokallaðrar klæðanlegrar tækni. Þar hafa snjallúr, snjallgleraugu og alls kyns öflugir smáhlutir verið í brennidepli. Ljóst er að slík tækni verður með tíð og tíma álíka vinsæl og snjallsímarnir eru nú. En hvaða sýn hefur yfirhönnuður hjá Google á tækni framtíðarinnar?

„Ég hef í raun enga skýra hugmynd um í hvaða átt tæknin mun fara. Fyrir mér er takmarkið að tæknin hverfi, þó að við munum alltaf njóta þess sem hún býður upp á. Ég veit auðvitað ekkert hvernig það mun líta út. Kannski verður þetta Star Trek-pinni, fötin þín, eitthvað sem þú setur í eyrað, jafnvel derhúfa. Tæknin mun nefnilega alltaf færast í þá mynd sem við viljum. Við viljum til dæmis ekki þurfa að halda á einhverjum tækjum ef við komumst upp með annað.“

Wong vildi ekki greina blaðamanni Kjarnans frá verkefnunum sem hann vinnur að í dag. Það er kannski eðlilegt í ljósi þess hversu gríðarlega hörð samkeppnin er á markaði með tölvunýjungar. Hann fullyrti þó að þar væri að finna drög að framúrstefnulegum græjum sem vonandi yrðu kynntar almenningi í nánustu framtíð. Ætli það séu Star Trek-pinnar?



SPES Kona handtekin eftir að hún sendi dóttur sinni versta aprílgabb sögunnar

Laug að hún hefði heyrt skothvelli í háskólanum

Hin fimmtíu og fjögurra ára gamla Angela Timmons var handtekin í gær af lögregluyfirvöldum í Suður-Karólínu, eftir að hún sendi dóttur sinni eitt misheppnaðasta aprílgabb sögunnar.

Timmons vinnur á fjármáladeild Háskólans í Virginíu, en hún ákvað í gríni að senda 34 ára dóttur sinni SMS-skilaboð í gærmorgun um að hún hefði heyrt skothvelli í háskólanum. Dóttir hennar, April, var þá stödd í New York. Hún sendi móður sinni skilaboð til baka í mikilli geðshræringu, en eftir að móðir hennar svaraði hafði hún samband við lögreglu sem var send á staðinn í miklu flýti.

Í skólanum var hins vegar allt með kyrrum kjörum, og var Angela Timmons handtekin í kjölfarið. Hún var færð til yfirheyrslu og verður kærð fyrir athæfið.

Við yfirheyrslurnar sagði Timmons að um saklaust aprílgabb hefði verið að ræða. Hún hefði oft „grínast“ svona við dóttur sína 1. apríl í gegnum tíðina.

Ljóst er að hvorki dóttir hennar né lögregluyfirvöld kunnu að meta þessa háþróuðu kímnigáfu Angelu Timmons.



Árni Finnsson
Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

kjarninn 3. apríl 2014

30 ára þref um hvalveiðar

Árni Finnsson skrifar um alþjóðleg áhrif hvalveiða Íslendinga og veltir fyrir sér hagsmunamatinu að baki þeim.

Hvíta húsið í Washington tilkynnti á þriðjudag um diplómatískar aðgerðir Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, gegn Íslandi vegna hvalveiða. Sérstaklega er tilgreint að um sé að ræða hvalveiðar Kristjáns Loftssonar og að Íslendingar neyti ekki langreyðarkjöts. Að þessu sinni eru það þó ekki aðeins veiðar Hvals hf. sem eru tilefni aðgerða af hálfu Hvíta hússins heldur einnig alþjóðleg viðskipti með hvalaafurðir.



Alþjóðleg viðskipti með dýr í útrýmingarhættu

Hinn 11. febrúar síðastliðinn kynnti Obama forseti aðgerðir til að stöðva ólögleg viðskipti með dýr í útrýmingarhættu. Tveimur dögum síðar var haldin í London alþjóðleg ráðstefna um slík viðskipti og var í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar lögð þung áhersla á hluverk CITES (Convention on International

Trade in Endangered Species sem 180 ríki eru aðilar að). Langreyður og aðrar tegundir hvala sem falla undir Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) eru á lista CITES ásamt fílum og nashyrningum og er milliríkjaverslun bönnuð. Ísland, Japan og Noregur hafa gert fyrirvara við þessa flokkun.

Um svipað leyti komst í hámæli að langreyðarkjöt hefði verið flutt frá Íslandi til Halifax í Kanada, þaðan í lest þvert yfir landið til Vancouver og áfram til Japan með skipi. Málið þótti hið vandræðalegasta fyrir utanríkisráðherra Kanada, John Baird, sem ásamt fleiri tignum gestum hafði sótt fyrrnefnda ráðstefnu í London. Nú síðast fóru 2.000 tonn af langreyðarkjöti í skipi beint til Japan án viðkomu í höfnum aðildarríkja CITES. Til öryggis var valið að sigla suður fyrir Afríku, fyrir Góðrarvonarhöfða, til að forðast Miðjarðarhaf og Súez-skurð.

„...greiddi íslenska ríkið almannatengslafyrirtækinu Plexus Consulting Group 180 þúsund dollara á ári, auk kostnaðar, frá árinu 2000 og allt þar til Einar K. Guðfinnsson lét af embætti í janúar 2009.“

Upphaf deilna um hvalveiðar

Deilur um hvalveiðar má rekja til Umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi árið 1972 sem samþykkti ályktun um að stöðva allar veiðar í tíu ár. Það var þó ekki fyrr en 1985 að Ísland sigldi þvert á alþjóðlega strauma í umhverfismálum með fjögurra ára áætlun um hvalveiðar í vísindaskyni, 1986-1989. Ísland var bundið af samþykkt IWC frá 1982 um stöðvun hvalveiða þar eð Alþingi hafði fellt tillögu um að mótmæla banninu. Fullyrt var að vísindin snerust um að fara kringum þá samþykkt.

Arfleið landhelgisdeilna

Árið 1985 skoðuðu hérlend stjórnvöld heiminn í skugga þriggja þorskastríða við flota hennar hátignar, Bretadrottningar. Fullveldisréttur Íslands yfir efnahagslögsögu landsins var í forgrunni en horft framhjá því að í Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eru ákvæði um sérstaka verndun hvala. Í 65. gr. segir að „Ríki skulu starfa saman með

verndun sjávarspendýra í huga og skulu, hvað hvali snertir, einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim.“ Ísland tók því verulega áhættu með því að gefa einhliða út kvóta til veiða á 800 hvölum í vísindaskyni.

Bakara fyrir smið

Kaldhæðni örlaganna hagaði því svo til að það voru bandarísk stjórnvöld, Reagan og Bush eldri, sem þvinguðu íslensk stjórnvöld til að draga verulega úr fjölda veiddra hvala til sýnatöku í nafni vísinda. Þau hótuðu viðskiptaþvingunum í samræmi við Pelly-ákvæðið við lög til verndar fiskstofnum; ákvæði sem upphaflega var sett til að fylgja eftir ákvörðunum um veiðibann á laxastofnum í Norður-Atlantshafi. Til að gera langa sögu stutta var strax hætt við vísindaveiðar á 320 hrefnum, í stað 320 langreyða voru veidd 292 dýr á fjórum árum og 70 sandreyðar í stað 160 á þremur árum. Þessi samdráttur kom til eftir langa og stranga samningafundi milli Íslands og Bandaríkjanna.

Rangt mat á aðstæðum

Yfirlýsingar ráðamanna bera með sér að andstaða Bandaríkjanna við hvalveiðar hafi verið afgreidd sem þjónkun við hávaðasöm umhverfis- og dýravelferðarsamtök til þess eins að kaupa sér græna ímynd. Þetta er mikill misskilningur, enda voru Bandaríkin í forustuhlutverki í umhverfismálum á alþjóðavettvangi allt fram á tíunda áratug síðustu aldar. Nefna má að árið 1985 knúðu Bandaríkin í gegn alþjóðlegan samning um verndun ósonlagsins og aftur árið 1989. Þar í landi er jafnframt sterk hefð fyrir verndun tegunda í útrýmingarhættu. Síðast en ekki síst eru Bandaríkin vörsluaðili Alþjóðasamningsins um verndun og stjórnun hvalveiða (ICRW) frá 1946 og þau líta á það sem sína ábyrgð að hann haldi.

Í anda fyrri þorskastríða áréttuðu íslensk stjórnvöld að vera varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli væri háð góðum samskiptum ríkjanna að öðru leyti. Áhrif slíkra yfirlýsinga kunna

að hafa verið einhver um miðjan níunda áratuginn á meðan Kalda stríðið var enn í algleymingi en þegar komið var fram á tíunda áratug síðustu aldar hafði það fjarað út. Þá hentaði betur að heyja áróðursstríð við umhverfisverndarsamtök en troða illsakir við við stjórnvöld í Washington.

Ekkert til sparað

Ísland sagði sig úr IWC árið 1991 en sýnt þótti að veiðar undir merkjum NAMMCO (Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins) stæðust ekki þjóðarrétt þar eð aðildarríkin eru bara Ísland og Noregur, auk Færeyja og Grænlands, en hvorugt þeirra er fullvalda.

„Því verður að spyrja hvort hvalveiðar gangi fyrir áherslum utanríkisráðherra á að efla tengslin við Washington. Hvaða hagsmunamat er þar að baki?“

Ekki dró því til tíðinda fyrr en í mars 1999, er Alþingi dró til baka fyrri þingsályktun frá 1983 um að andmæla ekki hvalveiðibanninu. Nú skyldi siglt til veiða á ný. Til að auðvelda verkið kvað ályktunin einnig á um að Alþingi fæli „ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er“.

Aldrei hefur fengist viðhlítandi svar við því hversu miklum fjármunum hefur verið varið í þetta kynningarátak, en samkvæmt upplýsingum bandaríska dómsmálaráðuneytisins greiddi íslenska ríkið almannatengslafyrirtækinu Plexus Consulting Group 180 þúsund dollara á ári, auk kostnaðar, frá árinu 2000 og allt þar til Einar K. Guðfinnsson lét af embætti í janúar 2009.

Brottför hersins greiðir fyrir hvalveiðum

Eftir að sendiherra Bandaríkjanna, James Gadsden, hafði tilkynnt Davíð Oddssyni forsætisráðherra að herinn væri á förum kynnti Ísland aðra fjögurra ára áætlun um

vísindaveiðar. Nú skyldi veiða 100 langreyðar, 100 hrefnur og 50 sandreyðar á tveimur árum. Þegar til kom voru bara veiddar hrefnur. Veiðarnar hófust síðsumars 2003 og þær tóku fjögur ár.

Árið 2004 staðfesti viðskiptaráðherra í stjórn George W. Bush forseta, Donald Evans, að hvalveiðar Íslands hefðu veikt verndarmarkmið Hvalveiðiráðsins en Bush forseti lét duga að lýsa áhyggjum sínum vegna málsins. Í svari Árna M. Mathiesen, þá sjávarútvegsráðherra, kom fram að hvalveiðar hér við land myndu ekki aukast að umfangi, en það ár voru veiddar 25 hrefnur.

Næsta hrina kom í október 2006. Viku eftir að samningar höfðu tekist milli Íslands og Bandaríkjanna um brottför varnarliðsins kynnti sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, um kvóta til veiða á níu langreyðum og 30 hrefnum – nú alvöruveiðar. Carlos M. Gutierrez, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, lýsti því yfir að staðfesting forvera hans í embætti, Donalds L. Evans, væri enn í fullu gildi. Ekkert var veitt af langreyði árin 2007 og 2008. Útflutningur gekk treglega og Ísland var í framboði til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna haustið 2008. Að standa í stappi við önnur ríki við slíkar aðstæður þótti ekki góð latína.

Annað var upp á teningnum eftir hrun. Í janúar 2009 gaf Einar K. Guðfinnsson út fimm ára kvóta til veiða á hrefnum og langreyðum. Núverandi sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, endurnýjaði þann kvóta í nóvember síðastliðnum en þó var sá munur á að leyfi til hrefnuveiða skal nú einungis veita þeim sem stunduðu veiðar árin 2006–2008. Það ákvæði reglugerðarinnar útilokar alla aðra en fyrirtæki sonar Jóns Gunnarssonar, formanns atvinnuveganefndar Alþingis.

Obama herðir aðgerðirnar

Í skýrslu utanríkisráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar, til Alþingis, sem hann kynnti þinginu 20. mars síðastliðinn, segir frá því að 31. janúar síðastliðinn hafi innanríkisráðherra Bandaríkjanna sent forsetanum bréf til að staðfesta

að Ísland grafi undan verndun hvalastofnum samkvæmt Pelly-ákvæðinu þar eð alþjóðleg viðskipti með hvalkjöt fari gegn samþykktum CITES, en þau mál heyra undir innanríkisráðherrann. Enn fremur segir í skýrslu Gunnars Braga: „Þegar eru í gildi aðgerðir vegna hvalveiða Íslands sem gripið var til árið 2011 og varða fyrst og fremst diplómatísk samskipti ríkjanna.“ Ekkert segir í skýrslunni um áhrif þeirra aðgerða á diplómatísk tengsl Íslands og Bandaríkjanna en í svari við spurningu Árna Þórs Sigurðssonar (VG) viðurkenndi utanríkisráðherra að þetta væri „áhyggjuefni“.

Ekki var búist neins konar efnahagslegum refsiaðgerðum gegn Íslandi enda um tvö vinaríki að ræða. Á hinn bóginn hefur Obama forseti hert nokkuð þær aðgerðir sem kynntar voru í sex liðum í september 2011. Nú er um átta atriði að ræða og utanríkisráðherra, innanríkisráðherra og viðskiptaráðherra er gert að skila skýrslu innan sex mánaða um árangur aðgerðanna. Hætt er við að John Kerry muni ekki þiggja ítrekað heimboð Gunnars Braga Sveinssonar á næstunni. Því verður að spurja hvort hvalveiðar gangi fyrir áherslum utanríkisráðherra á að efla tengslin við Washington. Hvaða hagsmunamat er þar að baki?

Hafsteinn Hauksson
hagfræðingur



Trúin á peninga

Hafsteinn Hauksson veltir fyrir sér peningum og tilgangi þeirra, hvorki meira né minna.

Í Kyrrahafinu, rúmlega þúsund kílómetrum austan við Filippseyjar, liggur eyjan Jap. Sennilegast hafa fæstir heyrt hennar getið, enda er hún svo agnarsmá að hún sést ekki á flestum landakortum. Jap er aðeins um 100 ferkílómetrar að stærð, innan við einn þúsundasti af stærð Íslands, en það myndi sennilega ekki taka meðalmanneskju mikið lengri tíma en fimm klukkustundir að ganga eyjuna endanna á milli.

Eyjan tilheyrir Míkrónesíu í dag og er líkt og aðrar eyjar á svæðinu vanþróuð. Þar bjuggu um ellefu þúsund manns þegar manntal var tekið um síðustu aldamót, en hagkerfi eyjarskeggja byggir á sjálfsþurftarbúskap og gjaldeyristekjur þeirra einskorðast nánast við þróunaraðstoð frá Bandaríkjunum. Það gæti því virst sem hagfræðingar, sem glíma við hið sívaxandi flækjustig nútímasamfélagsins í störfum sínum, geti lítinn lærdóm dregið af hinu látlausa hagkerfi Jap. Ekkert er þó fjær sanni, en ástæðan er hið einstaka

peningakerfi eyjarskeggja sem mannfræðingurinn William Henry Furness III uppgötvaði á meðan hann dvaldist á Jap upp úr aldamótunum 1900.

Hann komst að því að eyjan var sneidd öllum góðmálmum, og því gátu íbúar hennar ekki notast við gull til greiðslumiðlunar eins og Evrópumenn höfðu gert frá tímum Rómarveldis. Þeir dóu þó ekki ráðalausir og hófu þess í stað að notast við annað fyrirbrigði úr iðrum jarðar sem var af skornum skammti á eyjunni; nefnilega grjót.

En grjótmyntirnar voru ekki eins og hverjir aðrir hnullungar. Eyjarskeggjarnir þurftu að leggja á sig um 450 kílómetra ferðalag á þartilgerðum flekum til nágrannaeyjunnar Palau til þess að sækja kalkstein, sem síðan var höggvinn til í risavaxnar hringlaga myntir og ferjaður aftur til Jap. Myntirnar voru allt að fjórir metrar í þvermál, með stóru gati í miðjunni sem hægt var að reka trjábol í gegnum til þess að auðvelda burð myntanna frá einum stað til annars.

„Myntirnar voru allt að fjórir metrar í þvermál.“

Uppgjörið

Það sem kom Furness helst á óvart var þó ekki sérkennileg lögun myntanna, heldur hvernig uppgjör með aðstoð þeirra fór fram. Þegar eyjarskeggjar áttu með sér viðskipti sem kröfðust greiðslu í grjótmyntunum þótti nefnilega yfirleitt ekki ástæða til að færa myntina úr stað eða færa greiðsluna í letur; það nægði að eignarhald hennar færðist frá kaupanda til seljanda með munnlegri yfirlýsingu þess fyrrnefnda. Það var því algengt að stærstu grjótmyntirnar stæðu óhreyfðar á lóð fyrrverandi eigenda löngu eftir að þeir höfðu afsalað sér þeim til greiðslu, en eignarhaldið átti stoð sína í munnlegri geymd.

Öfgafyllsta dæmið um þessa sérstöðu peningakerfisins var sennilega auður fjölskyldu einnar sem lá (og liggur enn) á hafsbotni. Þegar forfeður fjölskyldunnar ferjuðu grjótmynt frá Palau til Jap höfðu þeir lent í óveðri, svo að farmurinn sökk í sjóinn úti fyrir eyjunni. Myntin var hins

vegar fullhöggvin, auk þess sem farmönnunum bar saman um að hún hefði verið afar stór og af miklum gæðum, svo að enginn efaðist um verðmæti steinsins. Eðli peningakerfisins samkvæmt varð því hálfgert aukaatriði í augum Jap-fólksins hvort grjótið sjálft væri statt í túnfæti fjölskyldunnar eða hundruð metra undir sjávarmáli, og því var fjölskyldan vellauðug í augum landa sinna!

Ættbálkar sektaðir

Þegar Þjóðverjar, sem fóru með stjórn ríkisins um hríð, hugðust skikka íbúa Jap til að lagfæra vegakerfi eyjarinnar undir lok 19. aldar ákváðu þeir að leggja sekt á þá ættbálka sem ekki hlýddu. Sektin fól í sér upptöku á grjótmyntunum, en hún fór þannig fram að útsendarar þýska ríkisins ferðuðust um eyjuna og máluðu svartan kross á steinana. Jap-fólkið, sem leit svo á að það hefði þar með glatað stórum hluta auðæva sinna þótt myntirnar stæðu ósnertar að öðru leyti, beið þá ekki boðanna og lagfærði hvern einasta spotta eyjarinnar – en að verkinu loknu afhentu þýsk stjórnvöld myntirnar aftur með því einu að þrífa krossana af.

Þetta hljómar ef till vill fáránlega, en þegar betur er að gáð er hagsaga Vesturlanda uppfull af sambærilegum dæmum. Fljótlega eftir Kreppuna miklu höfðu frönsk peningamálayfirvöld til dæmis áhyggjur af því að bandarískri seðlabankinn myndi taka gjaldmiðil sinn, dalinn, af gullfæti, og fóru fram á að öllum eignum þeirra í Bandaríkjadal yrði skipt í gull. Bandaríska seðlabankanum var ljúft og skylt að verða við bóninni og lét Frakklandsbanka stóran hluta af gullforða sínum í té.

Gjörningurinn hafði mikil áhrif á fjármálamarkaði um allan heim; bandarískri seðlabankinn hafði jú glatað stórum hluta gullforðans til Frakka, og því var Bandaríkjadalur veikari en franski frankinn sterkari fyrir vikið. Það var jafnvel litið á höggið á gullforða Bandaríkjamanna sem meiriháttar ógn við fjármálastöðugleika, en það er jafnan talið sem ein orsök þess að áhlaup var gert á fjölda bandarískra banka árið 1933.

Svartur kross á gullstangirnar

Gullið fór þó aldrei út fyrir landamæri Bandaríkjanna – það fór ekki einu sinni út fyrir dyr seðlabankans. Til þess að þurfa ekki að ferja gull í tonnatali yfir Atlantshafið var nefnilega látið nægja að færa gullið á reikning Frakklandsbanka, en geyma það einfaldlega áfram í hirslum bankans. Það hefði allt eins mátt mála svartan kross á gullstangirnar, eins og nóbelsverðlaunahafinn Milton Friedman benti seinna á, enda hreyfðist það ekki úr stað frekar en steinmyntirnar á Jap!

Peningakerfi nútímans er síðan enn fáránlegra en grjótmyntirnar á Jap eða gamla gullfótarskipulagið ef við leggjum á það hlutlægt mat. Það eru engin áþreifanleg verðmæti sem standa að baki því, hvorki grjót fyrir allra augum eða gull í földum hirslum, heldur grundvallast það eingöngu á tölum í bókum – enda langstærstur hluti nútímapeninga ekkert annað en innstæðureikningar hjá bönkum. Þegar við greiðum fyrir viðskipti á sér ekki einu sinni stað munnleg yfirlýsing um tilfærslu þessara talna í heyranda hljóði, heldur senda segulrendur á plastkortum hljóðlát skilaboð til bankans um að kaupandinn eigi lægri tölu í bókum bankans en áður, en seljandinn hærri.

„Öfgafyllsta dæmið um þessa sérstöðu peningakerfisins var sennilega auður fjölskyldu einnar sem lá (og liggur enn) á hafsbotni.“

Samt sem áður hafa öll þessi kerfi gefist bærilega í því skyni að liðka fyrir viðskiptum. En hvernig má það vera? Hvernig öðlast peningar eiginlega slíkt verðmæti að hægt sé að nota þá til greiðslu, hvort sem þeir eru gerðir úr einhverju nytsamlegu eins og gulli, einhverju áþreifanlegu en ónytsamlegu eins og grjóti eða pappír eða einhverju óáþreifanlegu með öllu – eins og tölum í bók?

Trúin er allt

Á endanum grundvallast vilji fólks til að nota peninga, hverjir svo sem þeir eru, á trú. Við tökum við greiðslu í formi peninga, því við trúum því að aðrir munu gera slíkt hið sama. Eins og dæmin hér að ofan sanna öðlast peningar verðmæti

vegna þess eins að allir trúa því að þeir séu einhvers virði. Friedman orðaði það sem svo að öll peningakerfi grundvölluðust á því að heilu hagkerfin kyngdu í sameiningu „skáldskapnum“ um að einhver eining, sama hversu fáránleg hún kynni að virðast, væri tæk til uppgjörs í viðskiptum.

Af þessum sökum eru kóðamyntir á borð við Bitcoin eða Auroracoin jafnheillandi og raun ber vitni; þær sýna fram á mátt þessa skáldskapar – hvernig trúin ein getur ljáð einhverju fullkomlega gagnslausu og óáþreifanlegu á borð við langa kóðastrengi verðmæti, svo framarlega sem nógu margir sameinast um hana. Sem slík er tilraunin um kóðamyntirnar miklu frekar peningaheimspekileg en hagfræðileg. Og hvort sem hún hugnast okkur eða ekki ættum við að leyfa henni að vekja okkur til umhugsunar um hversu magslungið fyrirbæri peningar eru – hvort sem þeir eru grjót, gull eða kóði.



Á æfingu fyrir Hnúkinn

Síðastliðinn laugardag hélt gönguhópur á vegum Ferðafélags Íslands í gönguferð um Blikdalinn í Esjunni. Hópurinn býr sig undir ferð á Hvannadalshnúk.

LÍFSSTÍLL

Páll Ásgeir Ásgeirsson
fjallaleiðsögumaður

Þótt vinsælasta leiksvæðið í Esjunni sé leiðin frá Mógilsá upp að Steini eða á Þverfellshorn býr fjallið yfir fleiri leikvöllum enda ekki eitt fjall heldur bálkur fjalla.

Síðastliðinn laugardag safnaðist dálítill hópur fólks saman við bílavigtina rétt austan við Blikdalsá vestanvert við Esjuna. Veðrið var úrvalsgott en þó mátti greina kvíðablandna eftirvæntingu í svip þátttakenda þegar þeir skimuðu til fjalls.

Þarna voru komnir þátttakendur í verkefni á vegum Ferðafélags Íslands sem ber yfirskriftina: Alla leið. Það

vísar til þess að verkefnið snýst um undirbúning fyrir háfjallagöngur í Öræfasveit að vori. Í lok maí ganga þátttakendur annaðhvort á Hrútfjallstinda eða Hvannadalshnúk á Öræfajökli og hafa þá lokið röð undirbúningsgangna ásamt fræðslu til þess að búa þá undir að takast á við verkefnið.

Illa sofnir og spenntir

Að ganga á Hvannadalshnúk er 25 kílómetra dagleið sem innifelur 2.100 metra hækkun eða þar um bil. Þátttakendur leggja af stað um miðja nótt, oftast illa sofnir af spennu og æsingi, og ganga tekur á bilinu 13-16 tíma.

„Þegar lagt er af stað í langa gönguferð er dálítið mikilvægt að flýta sér ekki um of. Sígandi lukka er best og hópurinn sígur jafnt og þétt upp brekkurnar.“

Af sjálfu leiðir að uppistaðan í undirbúningi fyrir svona verkefni er að ganga á fjöll. Hægt er að ganga á rúmlega 1.000 metra há fjöll í dagsgöngum frá Reykjavík og á dagskrá hópsins er einnig ganga á Eyjafjallajökul, sem er 1.660 metra hár.

En í Esjunni leynist frábært æfingasvæði. Blikdalur skerst inn í hálendi Esjunnar úr vestri og er alllangur. Æfingin felst í því að ganga upp á Dýjadalshnúk, sem er fremstur á fjallinu norðan við dalinn, og fylgja síðan brúnum ofan á fjallinu fram á Kerhólakamb og koma niður um svokallaðar Smáþúfur. Þetta er að jafnaði greið leið en hringurinn er 24 kílómetra langur svo þarna geta væntanlegir Hnúksfarar reynt á eigin skinni hvernig er að ganga svona langt.

Leið okkar liggur upp vestan við Blikdalsá um jafnt hækkandi ása um Lokufjall, Hnefa og Melahnúk. Dýjadalshnúkur virðist ókleifur séður úr suðri, líkur klettapýramída, en leiðin liggur norður fyrir hann og þar upp nokkuð bratta en torfærulausa hlíð.

Þegar lagt er af stað í langa gönguferð er dálítið mikilvægt að flýta sér ekki um of. Sígandi lukka er best og hópurinn sígur jafnt og þétt upp brekkurnar.

Þegar komið er norður fyrir Melahnúk setjast menn og konur niður og allir setja á sig jöklabrodda og taka sér ísöxi í

hönd. Leiðin liggur nú eftir nokkuð brattri hlið í talsverðum hliðarhalla og brýnt að kunna fótum sínum forráð. Leiðsögumenn aðstoða þátttakendur við að festa á sig broddana og ganga úr skugga um að allt sé rétt gert. Síðan eru rifjuð upp undirstöðuatriðin í notkun þessara öryggistækja og viðbrögð við óvæntum aðstæðum.

Svo sígur röðin af stað inn bratta hlíðina og beygir fljótlega upp á við og þaðan liggur leiðin beint upp, eitt skref í einu, hægt og rólega. Svitinn rennur auðveldlega því sólin skín í heiði og þarna í hlíðinni er algert logn og menn heyrast blóta því að hafa farið í síðar nærbuxur um morguninn. En fár kann sig í góðu veðri heiman að búa segir máltækið.



Dýjadalshnúkur
Með brodda á fótum og öxi í hönd stefnum við á Dýjadalshnúkinn.

Svo sitjum við uppi á Dýjadalshnúknum í logni og sólskini og höfum stund með nestinu. Í hópnum breiðist út þessi tæra gleði og kátína sem hellist yfir fjallgöngumenn þegar allt gengur eins og sögu og lífið er dásamlegt og heimurinn baðaður í sól.

Landslag lítils virði ef það heitir ekki neitt

Næst tekur við löng ganga ofan á Tindstaðafjalli, framhjá Hrútadal, Leynidal, Eilífsdal og yfir Þórnýjartind en alltaf meðfram Blikdalnum. Það sitja hengjur í öllum brúnum og þarf að gæta þess að fara ekki of framarlega. Handan dalsins rísa klettaþil Kerhólakambs, en þangað er förinni heitið.

Í norðri blasa við jöklar eins og Ok og Þórisjökull og fagurlega formað hvel Skjaldbreiðar sem er samkvæmt þjóðsögum steingerð tröllkonubrjóst. Botnssúlur rísa drifhvítar fyrir botni Hvalfjarðar og Hvalfell, Brekkukambur og Skarðsheiði eru svipmikil í vetrarklæðum. Lengst í norðri sér til Tröllakirkju á Holtavörðuheiði en vestar Ljósufjöll,

Tröllatindar og Helgrindur á Snæfellsnesi. Hópurinn stansar reglulega og við förum yfir fjallahringinn sem sífellt breytist. Þannig höfum við í heiðri orð borgarskáldsins Tómasar, sem sagði að landslag væri lítils virði ef það héti ekki neitt.

Uppi á fjallinum er samfelld fönn og klaki á víxl en gott göngufæri því lítið markar í snjóinn. Hópurinn marsérar áfram og linnir ekki göngunni fyrr en byrjað er að sveigja fyrir botn Blikdals áleiðis út á Kerhólakamb.



Milli dala
Á ferð um víðáttur Esjunnar milli Leynidals og Hrútadals.

Þar setjast menn aftur niður í kaffi, stinga bakpokanum undir rassinn og snúa baki í svalan andvarann. Það er skvaldrað um mataræði, 5-2 aðferðina, lágkolvetni og fleiri aðferðir til betra lífs. Menn sjá kvöldmatinn í hillingum en enn eru tíu kílómetrar eftir.

Þegar við komum fram á Kerhólakambinn blasir Reykjavík við og við rifjum upp hvað eyjarnar á sundunum heita og einhver man eftir því sem Karli þræll Ingólfs sagði þegar þeir Vífill fundu öndvegissúlurnar.

„Til ills fórum vér um góð héruð að við skulum setjast að á útnesi þessu.“

Margt skrafað til fjalla

Svo er haldið stutt erindi sem ber yfirskriftina: Kynlíf þjóðskálda – fyrsti hluti. Það er margt skrafað á fjöllum sem varla þætti samkvæmishæft umræðuefni í byggð. Þetta er annar heimur og frjálsari en láglendið.

Þegar fer að halla undan niður eftir Smáþúfunum má sjá á göngulagi sumra þátttakenda að þreyta gerir vart við sig.

Oftast eru það hnén sem gera fyrst vart við að þeim þyki nóg gengið. En því er þannig farið að eina leiðin til þess að æfa sig í að ganga niður brekkur er að ganga niður brekkur. Það er ekkert tæki í ræktinni og engin trix eða æfingar sem koma í staðinn fyrir það.

Það er sigurgleði yfir hópnum þegar menn leggjast flatir á sæng af sinu og mosa niðri við vigtina á ný. Allir sem hingað eru komnir eftir langan dag vita að þrátt fyrir strengi og stirðleika í ganglimum og eymsli í iljaþófum hafa þeir staðist prófið. Sá sem getur þetta mun ekki eiga í erfiðleikum með Hnúkinn. Teygjuæfingar eru að mestu framkvæmdar liggjandi og svo hverfa menn hver til síns heima. Fjall að baki en fleiri fjöll í blámóðu framtíðarinnar. Þannig á lífið að vera.

APPIÐ

Aldís Pálsdóttir
ljósmyndari
„Ég á iPhone“



INSTAGRAM

Uppáhalds appið mitt!! Veitir mér innblástur og heldur mér í takt við „núið“. Hér get ég fylgst með mínum nánustu og haldið mína eigin dagbók. #followme @paldis

WHITAGRAM

Hér grunnstilli ég allar símamyndirnar mínar áður en ég pósta þeim á Instagram. Nauðsynlegt snilldarapp fyrir myndanörda.

FACEBOOK

Ég verð næstum að segja Facebook, þó að mig langi að segja eitthvað annað!! Ég nota þaðmikið varðandi vinnuna mína og fæ þar fyrirspurnir varðandi vinnu. Og get svarað um hæl, ef ég er ekki föst í tökum ;)

TÆKNI Gmail fagnar tíu ára afmæli sínu

Kjarninn hefur ákveðið að tileinka tæknihluta útgáfunnar þessa vikuna Gmail, í tilefni þess að 1. apríl síðastliðinn voru liðin tíu ár frá því að póstforritinu var hleypt af stokkunum. Tilkoma Gmail markaði um margt tímamót á vefnum, en póstforritið var þrjú ár í smíðum. Notendaviðmót Gmail og hönnun þótti framúrskarandi og skaut forritið helstu keppinautum sínum sem voru stórir fyrir á markaðnum, svo sem Yahoo og Hotmail, ref fyrir rass.

Eitt af því sem stuðlaði ekki síst að velgengni Gmail, var leitarvél forritsins sem sparaði fólki mikinn tíma.

Gmail náði fljótt töluverðri útbreiðsu vegna 1GB geymsluplássins, sem var margfalt meira en keppinautar buðu uppá.

Gmail var fyrsta alvöru þjónustan sem Google bætti við leitarsíðu fyrirtækisins sem leit dagins ljós árið 1998.

Gmail var mögulega fyrsta appið sem var vistað í skýinu, og gat leyst af hólmi sambærileg forrit borðtölva.





Krísustjórnun til fyrirmyndar

Kjarninn fer yfir þrjú dæmi um fyrirtæki sem lentu í alvarlegum krísum en leystu farsællega úr málunum, þótt glímt væri við blásýru, salmonellu og óveður.

ALMANNATENGSL
Grétar Sveinn Theodórsson
@gretartheodors

Krísustjórnun snýst um meira en að senda út fréttatilkynningu eða að senda forstjórann í sjónvarpsviðtal til að biðjast afsökunar. Fyrirtæki þurfa að vera tilbúin að bregðast skjótt við krísum og taka ábyrgð á gjörðum sínum – ekki fjarlægja sig frá þeim. Það er ekki til nein stöðluð lausn um það hvernig taka eigi á krísum, en það er hins vegar hægt að læra af þeim sem hafa tæklað krísur vel. Skoðum nokkur dæmi um fyrirtæki sem lentu í alvarlegum krísum en leystu vel úr málunum.

Blásýra í Tylenol frá Johnson & Johnson (1982)

KRÍSAN Sjö manns létust í Chicago eftir að hafa tekið Tylenol-töflur sem höfðu verið smurðar með blásýru. Gerandinn fannst aldrei.

VIÐBRÖGÐIN Fyrirtækið setti öryggi viðskiptavina í fyrsta sæti og tók strax 31 milljón Tylenol-pakkningar – um 100 milljóna dollara virði – úr búðum og hætti að framleiða og auglýsa töflurnar. Þá vann fyrirtækið náið með lögreglunni í Chicago, alríkislögreglunni og matvælaeftirliti Bandaríkjanna, ásamt því að bjóða 100.000 dollara verðlaun fyrir þann sem gæti bent á gerandann. Í framhaldinu kynnti fyrirtækið síðan nýjar umbúðir sem ekki var hægt að opna án þess að skilja eftir sig ummerki og bauð veglegan afslátt af Tylenol.



ÚTKOMAN Viðbrögð Johnson & Johnson eru kennd í háskólum um heim allan enn þann dag í dag og yfirleitt er litið svo á að viðbrögð fyrirtækisins við krísunni sé einhver best heppnaða krísustjórnun allra tíma. Fjölmiðlar kunnu vel að meta einlægni fyrirtækisins og þær áhyggjur sem það virtist hafa af almenningi og umfjöllun fjölmiðla um Johnson & Johnson var nær eingöngu á jákvæðum nótum, sem hafði gríðarlega mikið að segja um hversu fljótt Tylenol-vörumerkið jafnaði sig.

Salmonellufaraldur hjá Odwalla Foods (1996)

KRÍSAN Salmonellufaraldur braust út í Washington-ríki í Bandaríkjunum og heilbrigðisyfirvöld fundu fljótt ástæðuna, ógerilsneyddan eplasafa frá Odwalla. Eitt barn lést og meira en 60 manns urðu alvarlega veikir.

VIÐBRÖGÐIN Um leið og ljóst var hver orsök salmonellunar var innkallaði forstjóri Odwalla, Stephen Williamson, allar vörur fyrirtækisins sem innihéldu epla- eða gulrótarsafa. Aðgerðirnar kostuðu fyrirtækið 6,5 milljónir dollara. Þegar hann talaði við fjölmiðla tók hann fulla ábyrgð á málinu og bauðst til þess að borga allan sjúkrahúskostnað þeirra sem veiktust af salmonellunni. Odwalla hélt daglega upplýsingafundi með fjölmiðlum til að koma upplýsingum til almennings, birti heilsíðuauglýsingar í blöðum og setti upp vefsíðu þar sem allar helstu upplýsingar voru á einum stað.



ÚTKOMAN Odwalla stóð frammi fyrir algerri martröð: Viðskiptavinur hafði látist eftir að hafa neytt vöru frá fyrirtækinu. Í kjölfarið missti Odwalla þriðjung af markaðshlutdeild sinni, játaði ýmsa vankanta í framleiðsluferlinu í aðdraganda faraldursins og var sektað um $1,5 milljónir af matvælaeftirliti Bandaríkjanna. Fyrirtækið lagði allan kraft sinn í að byggja aftur upp það traust sem var farið og endurskoðaði og bætti alla verkferla og gæðaeftirlit hjá sér. Eplasafinn kom aftur á markað einungis tveimur mánuðum eftir salmonellufaraldinn. Árið 2001 keypti Coca-Cola fyrirtækið fyrir 186 milljónir dollara.

Óveður hamlar flugi JetBlue í viku (2007)

KRÍSAN Í febrúar 2007 þurftu fjölmörg flugfélög að aflýsa hátt í 1.000 flugferðum á fimm dögum sökum óveðris sem geisaði á austurströnd Bandaríkjanna. Flest flugfélög aflýstu öllum ferðum og létu farþega vita eða sendu þá heim. Ekki JetBlue, sem vonaðist til þess að veðrinu myndi slota fljótt. Í kjölfarið urðu margir farþegar strandaglópar á flugvöllum víða á austurströndinni og gríðarleg óánægja var með flugfélagið.

VIÐBRÖGÐIN Forstjóri JetBlue, David Neeleman, kenndi aldrei veðrinu um ófarir félagsins. Hann skrifaði opinbert afsökunarbréf til viðskiptavina, kynnti nýja „stjórnarskrá" fyrir viðskiptavini og bjó til lista yfir þær aðgerðir sem flugfélagið ætlaði að ráðast í til að bæta skaðann og koma í veg fyrir að svona lagað gerðist í framtíðinni.

ÚTKOMAN Þrátt fyrir einlægni í bréfi David Neeleman kom það frekar seint. Óánægðir farþegar höfðu þegar verið fastir á flugvöllum í lengri tíma og voru fyrir löngu búnir að fá nóg. En í vikunum sem fylgdu náði félagið að lágmarka skaðann með því að vera eins opið og heiðarlegt og það gat. Neeleman fór víða, birti myndband á YouTube og mætti í the Today Show, til David Letterman og Anderson Cooper á CNN til þess að biðjast afsökunar á því hvernig JetBlue tók á málinu. Þrátt fyrir að málið hafi haft mikil áhrif á ímynd flugfélagsins hjálpuðu þessar aðgerðir því að vinna til baka traust viðskiptavina. Og fyrir flugfélag sem stærir sig af því að bjóða góða þjónustu var það gríðarlega mikilvægt.





Kitty leysir hið óþekkta úr læðingi

Kitty Von-Sometime er með persónulega þráhyggju fyrir spandexi og vill fjármagna leiri The Weird Girls verkefni.

KAROLINA FUND
@karolinafund

The Weird Girls er sería af vídeólist sem er sköpuð og framleidd af listakonunni Kitty Von-Sometime. Verkefnið sækir sér nú fjármögnun á heimasíðu Karolina Fund til að halda áfram gerð myndbanda á Íslandi. Stefnt er að því að safna 5.000 evrum, eða rúmlega 770 þúsund krónum. Þátttakendur í Weird Girls-verkefnum eru sjálfboðaliðar sem þekkjast ekki endilega innbyrðis og vita ekkert um innihaldið þar til daginn sem þær mæta.

Hver þáttur er skipulagður í leyni í um þrjá mánuði af Kitty og samstarfsmönnum hennar og nær hámarki þegar

tekið er upp í einn dag, og kvikmynd búin til, þar sem undirstöðuatriði verkefnisins er að „leysa hið óþekkta úr læðingi“.

En hver er listamaðurinn á bak við þetta allt saman?

„Ég heiti Kitty Von-Sometime og hef búið á Íslandi í næstum því níu ár. Ég er listamaður, framleiðandi, leikstjóri, DJ, móðir, þráhyggju-garðyrkjumaður og djöfulli góður kokkur. Ég hef engan bakgrunn í raun, hef bara lifað litríku frábæru lífi. Innblásturinn hefur komið frá æskudraumum mínum, frá því að sjá samhengi í ótengdum atvikum, frá því að frelsa aðra frá þeirra eigin hömlum, og persónulegri þráhyggju fyrir spandexi. Ég reyni að fá fólk með mér í verkefnið, sem ekki er endilega listamenn, en vill verða að listaverki, upplifa listina og finna fyrir list. Fólkið sem ég vinn með er oft fólk sem ég hef aldrei áður hitt.



Í verkunum er djúp undiralda kvenlegra krafta sem bresta fram, sérstaklega þegar kemur að kvenlíkamanum. En fyrst og fremst snýst verkefnið um að bjóða áhorfandanum í gerviheim, nammiland þar sem þeir fá vatn í munninn – skapandi tilfinningu sem segir þeim að þá langi út að leika.

Ég hef ekki menntað mig í listaskóla, en þeim mun meira sem ég skapa, þeim mun meir langar mig til

þess. Svo hefur mér aldrei leiðst.“

Hvað er The Weird Girls verkefnið? Hvenær byrjaði það, af hverju, og hvert ertu að fara með það?

„Verkefnið byrjaði sem eitt verkefni, ekki ætlað til þess að verða að framhaldsverkefni, ætlað að verða framúrstefnulist.

Ég átti margar vinkonur sem langaði að gera eitthvað, og voru djúpt sokknar í sjálfsskoðun og líkamstengdar vangaveltur á borð við átröskun, ofbeldi, nauðgun, einelti eða aðrar persónuárásir.

Ég bað þær um að koma heim til mín í einhverjum búningum. Ég fékk ljósmyndara á svæðið þar sem ég ætlaði að endurgera Síðustu kvöldmáltíðina, og bjó til fyrsta verkið á Hi8-vídeótökuvélina mína. Mér gekk svo vel að ýta stelpunum út fyrir mörk sín að verkefnið varð að halda áfram, og varð mun alvarlegra verkefni í framhaldinu þar sem listrænt innihald varð æ mikilvægara.

Ég hef lært heilmikið af þessu verkefni. Hæfileikar mínir í kvikmyndagerð þróuðust í því. Ég lifi fyrir þetta format í dag. Ég legg áherslu á listina og leikstjórn með alvarlegan undirtón þar sem sterkar konur ýta sjálfum sér út fyrir þægindahring sinn, hver svo sem ástæðan kann að vera.

Ég hef fengið að ferðast um heiminn með þetta verkefni þar sem við höfum fengið fjármögnun frá útlöndum, en það hefur reynst mér um of að fjármagna það á Íslandi úr eigin vasa, án opinbers stuðnings. Þess vegna hefur ekkert verið tekið upp á Íslandi undanfarin tvö ár, og það þykir mér leitt."

Þú hefur áður fjármagnað verkefni með hópfjármögnun. Hver er reynsla þín af því að nota þetta fjármögnunarmódel? Hvernig þarftu að hugsa til að geta nýtt þér það?

„Ég hef hópfjármagnað einu sinni áður, árið 2011 á Kickstarter. Það tókst og ég trúi því að þessi aðferð virki vel fyrir sum af verkefnunum mínum. Það er margt fólk að vinna að þessum verkefnum með mér, og frá því hef ég þekkingu mína. Fólk sýnir verkefnum mínum áhuga. Íslendingar hafa stutt við sköpun mína frá upphafi. En þar sem ég set verk mín á netið endurgjaldslaust er engin leið að fjármagna þau."

ÍTAREFNI

The Weird Girls Project

Verkefni Kitty Von-Sometime á Karolina Fund

Verkin á Vimeo

Klippur úr völdum verkum Kitty Von-Sometime

Um verkefnið

Hvað er The Weird Girls verkefnið?

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið



Nýtt tónlistarvor hafið á Íslandi

Tónlistarsérfræðingur Kjarnans fer yfir línurnar í útgáfumálum ársins 2014 og dregur fram það sem er mest spennandi.

TÓNLIST
Benedikt Reynisson
@BenzonFantastik

Nýtt íslenskt tónlistarvor er hafið og eru línur í útgáfumálum farnar að skýrast. Íslenskt tónlistarlíf er fjölbreytt og er sómasamlegt tónlistarfólk að finna í öllum geirum þeirrar litskrúðugu tónlistarsenu sem hér þrífst. Nokkrar nýjar útgáfur hafa litið dagsins ljós og á teikniborðinu eru einhverjar sem munu verða hátt skrifaðar þegar árið verður gert upp í desember næstkomandi. Hér fyrir neðan er stutt yfirferð yfir það sem ber hæst þessa stundina sem og á næstu mánuðum.

Low Roar er þríeyki úr Reykjavík sem á rætur sínar að

rekja til Oakland í Kaliforníu. Forsprakki Low Roar er hinn bandaríski Ryan Karazija sem flutti hingað til lands árið 2009 og gekk að eiga þáverandi eiginkonu sína sem er íslensk. Í Oakland fór hann fyrir rokksveitinni Audrye Sessions sem naut sæmilegrar hylli í heimaríki sínu sem og víðar á vesturströnd Bandaríkjanna. Low Roar sendi frá sér sína fyrstu breiðskífu árið 2011 og var hún að mestu unnin hér á landi og samin af Ryan í lítilli íbúð í miðborg Reykjavíkur.



Skífan, sem er samnefnd sveitinni, vakti töluverða athygli á Low Roar og er tónlistin brothætt samsuða af þjóðlagaskotnu poppi og víðáttumikilli raftónlist í anda Radiohead, Sigur Rósar og The Album Leaf. Hljóðfæraskipan er einföld og flest lögin eru flutt með fulltingi kassagítars, orgels og starfræns tölvusurgs hér og þar. Önnur breiðskífa Low Roar er eins og fyrirrennarinn samnefnd sveitinni og er um flest frábrugðin því sem sveitin hefur verið þekkt fyrir hingað til. Low Roar er nú fullskipuð hljómsveit og er skipuð Ryan ásamt trymblinum Loga Guðmundssyni og hinum fjölhæfa Leifi Birnssyni. Upptökustjórinn, Mike Lindsay úr

hljómsveitunum Tunng og Cheek Mountain Thief, spilar einnig á plötunni ásamt hljómsveitinni Amiina og er óhætt að segja að það sé töluvert meira kjöt á beininu í hinu nýja efni sveitarinnar.



Íslensk-kanadíska rokksveitin Kimono vinnur nú hörðum höndum að sinni fjórðu breiðskífu og sendi hún á dögunum frá sér nýja smáskífu. Spectres sýnir bjartari hliðar á Kimono og er lagið með því aðgengilegra sem hljómsveitin hefur sent frá sér. Kimono stendur í stórræðum þessa dagana, þar sem hún safnar fyrir útgáfu á þremur eldri breiðskífum sínum á vínylformi í tilefni þess að sveitin heldur upp á sitt þrettánda starfsafmæli, sem telst vera hár aldur í íslensku tónlistarlífi. Það er mál margra að hljómsveitin hafi aldrei verið betri og tekur greinarhöfundur fyllilega undir það.

Skakkamanage sendi nú á dögunum frá sér sína þriðju breiðskífu. Heitir hún Sounds of Merrymaking og er óhætt að segja að um langþráðan grip sé að ræða. Lítið hefur heyrst frá sveitinni síðan hún gaf út hina afbragðsgóðu All Around the Face árið 2008. Meðlimir Skakkamanage hafa ekki setið



auðum höndum síðustu ár þó síður sé. Forsprakkarnir Svavar Pétur Eysteinsson og Berglind Hässler hafa spilað og gefið út tónlist með Prins Póló og Létt á bárunni og trymbillinn Þormóður Dagsson hefur gert frábæra hluti með hljómsveit sinni Tilbury. Sounds of Merrymaking er í alla staði frábær skífa og ef eitthvað er þá er hún heilsteyptasta og besta skífa sveitarinnar til þessa.

Highlands er nýleg hljómsveit skipuð þeim Loga Pedro Stefánssyni og Karin Sveinsdóttur. Flest þekkja Loga sem bassaleikara hljómsveitarinnar Retro Stefson en Karin er nýliði í tónlistarsenunni. Þau kynntust fyrst þegar Logi var dómari í undankeppni Söngvakeppni framhaldsskólanna og heyrði hann strax að hún væri mjög hæfileikarík söngkona. Highlands spilar dramatískt rafpopp sem minnir um sumt á Íslandsvinina SBTRKT, Air France og Ratatat. Fyrsta þröngskífa hennar heitir einfaldlega n°1 og er hún hreint afbragð.

Smelltu til að hlusta á Sirens (múm Remix) með Highlands

Það styttist óðum í að Gus Gus sendi frá sér sína níundu hljóðversskífu ef meðtaldar eru samnefnd breiðskífa frá árinu 1995 og Gus Gus vs. T-World frá árinu 2000. Níunda



breiðskífa sveitarinnar hefur hlotið nafnið Mexico og mun líta dagsins ljós áður en um langt líður. Fyrsta smáskífan heitir Crossfade og kom hún út á dögunum á vegum Kompakt í Köln. Það er Sena sem mun gefa breiðskífuna út hér á landi. Það verður fróðlegt að sjá hvort Gus Gus nái að toppa síðustu breiðskífu, Arabian Horse, sem þykir með betri breiðskífum sveitarinnar og féll í afar góðan jarðveg þegar hún kom út árið 2011.

Atónal Blús er hljómsveit gítarleikarans Gests Guðnasonar sem áður hefur spilað með hljómsveitum eins og Benni Hemm Hemm, Númer Núll, Stórsveit Nix Noltes og Skátar. Gestur er frábær gítarleikari og mjög naskur útsetjari. Fyrsta breiðskífa Atónal Blús heitir Höfuðsynd, en á henni ægir öllu saman og er breiðskífan afar skemmtileg áheyrnar. Gestur hefur mjög sérstakan stíl sem gítarleikari og minnir söngur hans á köflum á meistara á borð við Frank Black og jafnvel á mýkri hliðar Dr. Gunna. Tónlistin er ágeng samsuða af blús- og klezmertónlist, jaðarrokki í ætt við Brainiac í bland við grjóthart þungarokk úr smiðju Slayer og Melvins. Án efa ein af áhugaverðari plötum sem komið hafa út á Íslandi í langan tíma.

Smelltu til að hlusta á Sexy Slave með Atónal Blús



Katrín Thorsteinsson
lögfræðingur

kjarninn 3. apríl 2014

Bogmaður með græna áru

Katrín Thorsteinsson skrifar um hindurvitni, rafræn faðmlög og vísindin sem liggja ekki að baki stjörnuspám.

Þegar vinkona mín var sumarstarfsmaður á virðulegu íslensku dagblaði var eitt af verkefnum hennar að skrifa stjörnuspá dagsins. Á þessum tíma var hún kotroskinn háskólanemi og hefur hvorki fyrr eða síðar haft neinn áhuga eða þekkingu á stjörnuspeki. Hún sagði okkur hlæjandi frá því að þegar henni fyndist vanta upp á rómantíkina setti hún í stjörnuspá kærastans að nú væri góður tími til að bjóða makanum út að borða, eða að kaupa blóm til að lífga upp á daginn. Hann las auðvitað bara stjörnuspá sína til að vita hvaða hálfduldu skilaboð kærastan var að senda honum þann daginn.

En hvað með allt hitt fólkið sem las stjörnuspána sína í blaðinu og trúði á það sem þar stóð? Sem hélt að það sæti sveittur stjörnuspekingur með sirkil og gráðuboga að mæla út stöðu himintunglanna á hverju kvöldi og fyndi út að allar heimsins steingeitur yrðu íhugular daginn eftir, en lukkutölur allra hrúta yrðu 3, 14 og 49?

Það er eiginlega ekki hægt að hafa samúð með því fólki. Er ekki annars frekar kjánalegt að trúa á svona kjaftæði?

Varla kemur það heim og saman við það sem er vitað um vísindin að baki stjörnuspeki, draumaráðningum, árulestri, talnaspeki eða hvers konar öðru vúdú – enda eru engin slík vísindi til. Samt viðurkennir Hillary Clinton, sem er tæplega andlegur eftirbátur, að hafa átt samtöl við hin löngu látnu Eleanor Roosevelt og Gandhi, og stærðfræðingurinn Alan Turing, faðir gervigreindarinnar, trúði að sumt fólk gæti lesið hugsanir. Á Facebook keppist fólk um að deila með vinum sínum einhverju spili sem það „dró“ á tölvuskjánum og lýsir tarotspádómi viðkomandi. Rétt eins og html-kóðinn að baki hafi innanbúðar-upplýsingar um persónu og framtíð þess sem smellti á músina.

„Þannig getur það sannfært sig og aðra um að þó að þetta sé jafnvel allt saman „bara til skemmtunar“ sé það nú samt „algjör meyja“ og að það þurfi „að passa að finna sér sporðdreka eða hrút, ekki krabba eins og Hvað-sem-hann-heitir“. Helst með fjólublåa áru.“

Það þarf ekki meira en grunnþekkingu á tölvum til að vita hvernig það virkar, en ótrúlega margir kjósa að líta framhjá því augljósa og telja sér trú um að þarna sé komin einhver lausn, eitthvert svar, eitthvert ljós til að lýsa veg lífs þeirra, eða hreinlega bara pínkulítið rafrænt faðmlag, sem segir viðkomandi að hlutirnir verði betri innan skamms. Svo segir Michael Shermer, vísindasagnfræðingur og ritstjóri Sceptic-tímaritsins. Hann hefur rannsakað hvað gerir það að verkum að vel gefið fólk trúir gagnrýnislítið á húmbúkk, en að hans sögn má rekja það til þess að klárt fólk er þjálfað til að færa rök fyrir hlutunum, og það nýtir þessa hæfileika til að rökstyðja fyrirbæri eins og stjörnuspeki og árulestur, sem byggð eru á veikum grunni. Þannig getur það sannfært sig og aðra um að þó að þetta sé jafnvel allt saman „bara til skemmtunar“ sé það nú samt „algjör meyja“ og að það þurfi „að passa að finna sér sporðdreka eða hrút, ekki krabba eins og Hvað-sem-hann-heitir“. Helst með fjólublåa áru.

Shermer telur að fólk sem trúir á hindurvitni sé ekki endilega prettarar eða vitleysingar; flest sé það eðlilegt fólk hvers eðlilegi hugsunarháttur hafi afvegaleiðst að einhverju leyti. Sálfræðingurinn Bruce Hood hefur útskýrt þessa órökréttu hegðun fólks með þeirri kenningu að þegar fólki finnst það ekki hafa stjórn á hlutunum leitist það gjarnan við að finna munstur í umhverfi sínu í því skyni að endurheimta þá tilfinningu að það hafi einhverja stjórn. Það skýri til að mynda að samfélagslegur áhugi á því óþekkta aukist þegar illa árar.

Á meðan enginn skaðast er kannski bara tímasóun að agnúast út í tímasóun annarra. En Carl Sagan, einn þekktasti stjarneðlisfræðingur samtímans, spurði eitt sinn áleitinnar spurningar, sem er vel þess virði að velta fyrir sér: Hvers vegna er hvert einasta dagblað með daglegan dálk um stjörnuspeki, en nánast ekkert þeirra með daglegan dálk um vísindi? Væri heimurinn kannski örlítið betri ef þessu væri öfugt farið?

Ég veit það ekki, en þetta er virkilega góð spurning. Kannski er ég bara svona skeptísk af því að ég er vatnsberi.

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn